



Metnaður og frumleiki einkenni Vængjaslátt, uppskeruhátíð Listhópa og Götuleikhúss Hins hússins, sem fram fór í miðbænum í gær, vegfarendum til mikillar ánægju. SJÁ SÍÐU 10. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÖR

Ferðamannafjöldinn í nær eðlilegt horf í ágúst

Mun fleiri ferðamenn komu til landsins í júní og fyrri hluta júlí en áætlað var. Bandaríkjamenn voru um helmingur allra ferðamanna í júní. Ferðamálastofa gerir ráð fyrir því að fjöldi ferðamanna í ágúst verði svipaður og fyrir Covid-19.

mhj@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Ferðamálastofa gerir ráð fyrir að ferðamannafjöldinn á Íslandi verði svipaður í ágúst mánuði og var fyrir kórónuveirufaraldurinn.

Samkvæmt áætlun munu um 890 þúsund erlendir ferðamenn sækja landið heim í ár og þar af munu

hátt í 200 þúsund ferðamenn heim-sækja Ísland í ágúst.

„Við gerðum ráð fyrir í okkar spá að þetta tæki almennilega við sér í ágúst. Við gerum enn ráð fyrir því að þar séum við að sjá tölur sem eru í líkingu við það sem var fyrir Covid,“ segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri Ferðamálastofu.

„Vonandi gengur það eftir, en sú áætlun byggir á því að menn hafi náð tókum á kórónuveirunni, það sé verið að losa hömlur í Evrópu,“ segir Skarphéðinn, en mun fleiri ferðamenn komu til landsins í júní og fyrri hluta júlí en gert var ráð fyrir.

„Áður en faraldurinn skall á voru brottfarir erlendra ferðamanna í ágúst um 280 þúsund,“ segir Skarphéðinn. „Við erum að gera ráð



Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri Ferðamálastofu.

fyrir á bilinu 150 til 200 þúsund ferðamönnum í ágúst.“

Yfir 600 prósent fleiri erlendir farþegar fóru frá Keflavíkurlugvelli í síðasta mánuði borið saman við júní í fyrra.

Langflestir komu frá Bandaríkjunum, en yfir 23 þúsund prósent fleiri Bandaríkjamenn fóru um flugvöllinn í júní borið saman við

sama tímabil í fyrra. Einungis 92 Bandaríkjamenn fóru um flugvöllinn í júní 2020 en þeir voru 21.369 í síðasta mánuði.

„Það er náttúrulega alltaf gríðarleg aukning þegar þú ferð úr engu í eitt-hvað,“ segir Skarphéðinn.

Bandaríkjamenn voru um helmingur allra ferðamanna í síðasta mánuði, en búist er við fleiri ferðamönnum frá Evrópulöndunum í ágúst.

„Bandaríkjamenn eru komnir af stað. Evrópubúarnir eru að koma sér af stað en við erum ekki að fara að sjá ferðamenn frá Asíu fyrr en á næsta ári,“ segir Skarphéðinn.

Ferðamálastofa áætlar að heildarfjöldi ferðamanna 2022 verði um tæpar milljónir. ■

Makrílveiði dræm og kostnaðarsöm


thg@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Makríll sést víða í íslensku lögsögunni um þessar mundir en veiðar ganga illa sökum þess að fiskurinn hefur ekki þétt sig í torfur.

Að sama skapi er slæmt veður þessi dægrin, en makríll veiðist best í góðu veðri.

Íslensk fiskiskip hafa þurft að sækja þann makríl sem kominn er á land um langan veg, en svipað var upp á teningnum á síðustu vertíð.

Hins vegar hefur sú steinólía sem notuð er á fiskiskip hækkað um meira en 40 prósent á síðastliðnu ári, sem gerir veiðarnar kostnaðarsamari. SJÁ SÍÐU 4



Tilboðsverð frá
8.690.000 kr.



e-tron 50
Keyrðu inn í sumarið

Eigum nokkra lausa til afhendingar



Minjagripir með myndum af Trump og Pútín. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Rússar afneita Kremlarskjölum

thorgrimur@frettabladid.is

RÚSSLAND Rússnesk stjórnvöld bregðast illa við frétt í The Guardian um afskipti Rússa af bandarísku forsetakosningunum 2016. The Guardian byggir á meintri skýrslu frá fundi rússneska öryggisráðsins í janúar 2016 þar sem kom fram að Vladímír Pútín Rússlandsforseti hefði heimilað aðgerðir til þess að hjálpa Donald Trump að vinna kosningarnar.

Í grein The Guardian segir að skjölin hafi verið borin undir sérfræðinga sem telji þau ósvikin. Í þeim sé sálfræðileg greining Rússa á Trump, sem sé sagður vera í ójafnvægi og þjást af minnimáttarkennd.

„Þetta er hreinn skáldskapur,“ sagði Dímitrí Peskov, talsmaður Pútíns, við Russia Today. „Þetta er auðvitað einkennandi fyrir lág-gæðamiðil. Annaðhvort er dagblaðið einhvern veginn að reyna að auka vinsældir sínar eða þá fylgir línu öfgakenndra Rússahatara.“ ■

Síðasta þrepið að útsýninu



Eitt besta útsýnið yfir Reykjavík fæst úr Hallgrímskirkjuturni, sem er enda eitt hæsta mannvirki á Íslandi. Engan skal því furða að ferðamenn leggi þangað leið sína. Til þess að njóta útsýnsins er sumum þó nausynlegt að stíga eitt þrep enn, upp á kassa sem komið hefur verið fyrir undir gluggunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hæstiréttur fjallar um heimild til setu í óskiptu búi samhliða nýrri sambúð

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Hæstiréttur mun fjalla um rétt erfingja til að krefjast opinberra skipta, komi til nýrrar sambúðar þess sem situr í óskiptu búi. Ákvörðun þessa efnis var birt á vef Hæstaréttar í gær.

Málið varðar kröfu afkomanda um að dánarbú látinnar móður verði tekið til opinberra skipta, en eftirlifandi máki hennar fékk leyfi til setu í óskiptu búi eftir andlát hennar árið 2016. Í sameiginlegri, gagnkvæmri erfðaskrá hjónanna er kveðið á um að heimild langlífari maki til að sitja í óskiptu búi falli niður gangi hann í hjónaband að nýju eða hefji sambúð.

Ekillinn gengst við því í héraði að hafa tekið upp samband við aðra konu og að hann hafi sama

lögheimili og hún. Af þeim sökum var fallist á kröfu um skipti í héraði.

Þeirri niðurstöðu var snúið við í Landsrétti þar sem leyfi sýslumanns til setu í óskiptu búi hefðu engar skorður verið reistar við því að leyfishafi hæfi sambúð að nýju. Þá tók skorður erfðalaga við setu í óskiptu búi einungis til hjúskapar en ekki sambúðar.

Afkomandi hinnar látnu byggði á því í beiðni sinni til Hæstaréttar að með niðurstöðu Landsréttar væri vilji arfleiddanda samkvæmt erfðaskrá að öllu leyti virtur að vettugi, auk þess sem hún færi í bága við ákvæði erfðalaga.

Hæstiréttur telur að dómur um málið geti haft fordæmisgildi um heimildir erfingja til að krefjast opinberra skipta og féllst á að taka málið til meðferðar. ■

Fara með heimilishunangið úr Stjörnugróf eins og gull

Íris Ingvadóttir segir býflugnarækt í garðinum í Stjörnugróf hafa breytt viðhorfi hennar til náttúrunnar.

thorgrimur@frettabladid.is

FÓLK Býflugur eru ef til vill ekki þau dýr sem kunna best við sig á Íslandi en þær dafna þó vel í garðinum hjá Írisi Ingvadóttur í Stjörnugróf sem stundar þar býflugnarækt.

„Það er rosalega skemmtilegt og áhugavert að kynna sér býflugurnar og það sem þær gera. Menn hafa haldið býflugur frá örórfi alda. En við hér erum gróduræktendur, höfum gaman af trjárækt og blómækt og erum með stóran garð. Býflugurnar eru skemmtileg viðbót inn í þessa flóru, því þær náttúrulega frjóvga blómin hérna í kring.“

Íris byrjaði að rækta býflugur árið 2017 eftir að hafa sótt námskeið hjá Býflugnaræktarfélagi Íslands. „Maðurinn minn var líka mjög spenntur því hann er svona trjáræktandinn á heimilinu. Ég fór á námskeiðið en hann hefur verið með mér í þessu.“

Að sögn Írisar eiga býflugur erfitt með að þrífast án hjálpar á Íslandi og sérstakar aðstæður þurfa að vera fyrir hendi til þess að býflugnarækt geti heppnast.

„Sem betur fer höfum við gott skjól og það er mikill gróður í kringum okkur. Síðan þurfa býflugurnar að hafa nóg af mat að sækja. Það sem gerir þetta svo erfitt á Íslandi er hversu vorar seint og hve fáar tegundir gefa af sér blóm svona snemma. En við erum vel staðsett og það er nóg af trjám sem blómgastr snemma, sérstaklega víði.“

Íris segist hugsa um náttúruna á annan máta eftir að hún byrjaði að rækta býflugur.

„Það vekur mann til umhugsunar um eiturnotkun. Auðvitað



Mæðgurnar Lóa Lind Karlsdóttir, Íris Ingvarsdóttir og Fanney Fjóla Karlsdóttir, með hunang úr garðinum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Þegar stelpurnar mínar eru hræddar við köngulær eða jafnvel býflugurnar, get ég sagt þeim að við getum ekki án þeirra verið.

Íris Ingvadóttir, býflugnaræktandi

vill maður helst ekki sjá maðka éta upp trén sín, en þá fer maður bara að leita að öðrum leiðum,“ segir Íris.

Að sögn Írisar eru trén misjafnlega sterk – rétt eins og mannfólkið.

„Það eru ekki bara trjátegundir sem skipta máli heldur líka einstaklingar innan tegundarinnar. Svo þurfum við að hafa skordýrin, þau eru lífsnauðsynleg. Þegar stelpurnar mínar eru hræddar við köngulær eða jafnvel býflugurnar, get ég sagt þeim að við getum ekki án þeirra verið. Þau hafa sitt hlutverk. Svona vekur þetta börnin til umhugsunar og fólkið í kringum okkur.“

Hunangið frá flugunum notar Íris og fjölskylda hennar að mestu sjálf.

„Þetta eru vinsælar jólagjafir. Við notum þetta bæði í mat, sósur og marineringu, í teið, á brauðið og allt mögulegt. Maður fer með þetta eins og gull, því það er ekki brjálæðislega mikið sem maður fær.“ ■

LYFSALINN
BÍLAAPÓTEK
VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn

www.lyfsalinn.is

-25 kr.

fyrir lykil- og kort-
hafa Olís og ÓB*
- aðeins í dag!



DÆLDU ÚT AFSLÆTTINUM!

Lykil- og korthafar Olís og ÓB fá 25 kr. afslátt af hverjum dældum eldsneytislítra í dag, **16. júlí.**

**Afslátturinn gildir ekki á ÓB-stöðvunum við Arnarsmára, Bæjarlind, Fjarðarkaup, Hamraborg og Hlíðarbraut. Þar gildir alltaf lægsta verð ÓB.*



Vinur við veginn

Reið að heiman í gær og kemur heim aftur níunda september

gar@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA „Ég heffarið í ýmsa krefjandi leiðangra en þetta er sá langstærsti,“ segir Bjarni Páll Vilhjálmsson, hestabóndi í Saltvík við Húsavík, sem í gær lagði upp í mikið ferðalag frá heimahögunum.

Um er að ræða svokallaðan draumaleiðangur í sex áföngum.

Í gær reið hópurinn frá Saltvík í næturstað í Bárðardal. Með í för þennan fyrsta áfanga eru sex

starfsmenn og fimmtán ferðamenn alls staðar að, meðal annars frá Þýskalandi, Danmörku, Noregi og Bandaríkjunum. Í hópnum eru tvær norskar konur sem ætla sér alla leggina sex. „Þær eru alveg grjótharðar og það er frábær andi í hópnum, þvílík sæla,“ segir Bjarni.

„Fyrsti leggurinn er níu dagar suður Sprengisand og við endum í Þjórsárdalnum,“ segir Bjarni. Og það er aðeins byrjunin. „Þá erum við rétt að hitna,“ segir hestabóndinn, sem

síðan heldur áfram næsta legg sem er sex daga reið úr Þjórsárdal yfir í Borgarfjörð.

Þar á eftir liggur leiðin út á Snæfellsnes og að Búðardal. Fjórði áfanginn er úr Dölunum og yfir á Vestfjarðakjálkann, þar sem riðið er yfir Drangajökul og endað í Steingrímsfirði eftir tólf daga. Fimmti leggurinn er yfir í Skagafjörð og sá sjötti og síðasti er heim í Saltvík.

„Ég kem aftur heim 9. september,“ segir Bjarni. ■



Strangur leiðangur leggst vel í Bjarna Pál Vilhjálmsson í Saltvík. MYND/ADSEND

Kaupmannahöfn orðið rautt svæði

fanndis@frettabladid.is

COVID Sóttvarnamiðstöð Evrópu, ECDC, hefur uppfært áhættumat vegna stöðu COVID-19 í Evrópu.

Kaupmannahöfn er nú rautt svæði á korti ECDC en borgin var gult svæði áður. Rúmlega 1.140 manns greindust með veiruna í Danmörku í fyrradag. Þá hafði fjöldi smita verið yfir þúsund í þrjú daga.

Lönd sem nú er orðin rauð eru Portúgal, Holland, Spánn, Lúxemborg, Kýpur, Malta og hluti Grikklands. ■



Af botnfisktegundum veiddist mest af þorski, eða tæp 20 þúsund tonn.

Minni afli í júní

jon@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Um fimmtungu samdráttur varð í heildarafla í síðasta mánuði borið saman við sama mánuð í fyrra. Alls veiddust 49 þúsund tonn í mánuðinum. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Fram kemur að botnfiskafli hafi verið nær óbreyttur frá fyrra ári, eða tæp 35 þúsund tonn. Hins vegar varð rúmlega helmingssamdráttur í uppsjávarafla.

Á tólf mánuðum, frá júlí 2020 til júní 2021, var landaður afli tæplega 1,1 milljón tonna sem er fjórum prósentum meira en landað var á sama tólf mánaða tímabili árið áður. ■

Aukinn kostnaður við tregar veiðar

Nokkrir þættir valda vanda í makrílveiðum. Langt er á miðin í Síldarsmugunni, eldsneyti hefur hækkað um 40 prósent á einu ári og kolefnisgjald hefur hækkað.

thg@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Hækkandi olíukostnaður íslenskra útgerða bætir gráu ofan á svart á yfirstandandi makrílvertíð, einkum í ljósi þess að sækja þarf fiskinn á fjarlægari mið en á síðustu árum. Heimsmarkaðsverð á þeirri tegund steinolíu sem notuð er á fiskiskip hefur hækkað um meira en 40 prósent á undanförunum 12 mánuðum, en olíuverð náði að vísu nokkrum lægðum á síðasta ári. Þar að auki hækkaði kolefnisgjald steinolíu um 10 prósent á þessu ári, en hækkunin er hluti af loftslagsáætlun stjórnvalda.

Ekki er meira en þrjú til fjögur ár síðan stærstur hluti þess makríls sem landað var á Íslandi veiddist innan íslensku efnahagslögsögunnar. Síðasta sumar fór nánast allur íslenski flotinn í Síldarsmuguna austur af landinu snemma í ágúst, en nú er svo komið að langstærstur hluti þess afla sem komið hefur að landi hefur fengist á því svæði.

Öll skip Eskju á Eskfirði eru nú aftur komin í Síldarsmuguna eftir að hafa reynt fyrir sér í skamman tíma í íslensku lögsögunni, að sögn Baldurs Marteins Einarssonar, útgerðarstjóra Eskju. „Þetta hefur verið erfitt. Menn eru að sjá makríllinn úti um allar jarðir. Hann sást til að mynda uppi á Bakkaflóa. Ef hann er úti um allt er erfiðara að kasta á hann. Okkar skip eru komin aftur í Síldarsmuguna, en þar eru fyrir Grænlandingar og Rússar,“ segir Baldur.

Hann segir að hækkandi olíukostnaður sé íþyngjandi, en það skipti ekki öllu máli ef veiðist vel.



Verksmiðja Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði biður átekta eftir næsta makrílfarmi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.



Þetta hefur verið erfitt, menn eru að sjá makríllinn úti um allar jarðir. Ef hann er úti um allt er erfiðara að kasta á hann.

Baldur Marteins Einarsson, útgerðarstjóri Eskju.

Þar að auki sé mesta olíueyðslan þegar verið er að toga veiðarfæri, en íslensku skipin hafa eytt minni tíma í veiðar en leit á undanförunum dögum. Undir það tekur Friðrik Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði. Hann segir að hækkandi olíukostnaður hjálpi vissulega ekki, en stóra vandamálið sé hversu dýpur veiðin sé.

Ólíklegt er að makrílveiðar glæðist á allra næstu dögum, hvorki í íslensku lögsögunni né í Síldarsmugunni. Slæmu veðri er spáð á miðum austan við landið fram að helgi, en makríll veiðist illa í slæmu veðri og einna best í bliðu. „Við ætlum að landa því sem við erum með núna og svo taka stöðuna. Það er fiskur úti um allt en hann veiðist ekki. Það er hrafl um allan sjó en makríllinn á eftir að þetta sig

í torfur. Það er bræla núna, það þarf að vera gott veður svo að veiðin sé bærilleg,“ segir Friðrik Már.

Kunnugt er að bæði Færeyingar og Norðmenn boðuðu einhliða stórauknar aflaheimildir í makríl á þessari vertíð, án samráðs við Bretland eða Evrópusambandið, eða nokkurt annað strandríki.

„Norðmenn fara ekki af stað fyrr en í lok september en gera það væntanlega í ágúst í ár vegna þessarar miklu aukningar í sínum kvóta. Erum með 55 prósentum meira en í fyrra. Færeyingar svipað. Það er hik í markaðnum núna því það er lítil veiði. Ef það verður róleg veiði áfram þá ætti verðið að færast upp á við. Markaðurinn væri hins vegar mjög sterkur núna strax ef Norðmenn og Færeyingar hefðu ekki tilkynnt þennan aukna kvóta fyrr á árinu,“ bætir Friðrik við. ■

Aðeins alvarlegustu ummælin kærð

adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Kæra Ingólfs Þórarinssonar til lögreglu vegna meintra ærumeidandi ummæla sem birtar voru nafnlaust á TikTok-síðu aðgerðahópsins Öfga, tekur ekki til allra frásagnanna, heldur aðeins til tíu afmarkaðra ummæla.

Um er að ræða ummæli sem vísa til háttsemi sem varðað getur þungri fangelsisrefsingu. Í einum er Ingólfur sakaður um að hafa nýtt sér ástand ofurólvi konu, í annarri er lýsing á nauðgun og enn einni um líkamlegt ofbeldi og nauðgunartilraun. Í sjö ummælanna er lýst háttsemi gegn börnum eða ungmennum undir lögaldri.

„Það er grundvallarmunur á reynslusögum um óþægilega upplifun og ásökunum um svivirðileg



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður Ingólfs Þórarinssonar.

afbrot, svo sem nauðgun og kynferðisbrot gegn börnum,“ segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Ingólfs. Hann segir alvarlegustu ummælin ekki aðeins aðför að Ingólfi heldur að réttarríkinu sjálfu.

„Það að hópur fólks hafi ákveðið að beita fyrir sig slagkrafti samfélagsmiðla og ráðast á umþjóðanda minn með nafnlausum ósönnum ásökunum um alvarleg kynferðisbrot gegn börnum og nauðganir, er ekki bara gróf aðför að friðhelgi einkalífs og æru umþjóðanda míns, heldur líka réttarríkinu. Því ef þessi aðferð er samþykkt getur hver sem er fyrirhafnarlaust trústað mannorði hvers sem er í skjóli nafnleyndar. Þess vegna voru höfundar þessara nafnlausu ósönnu sagna um alvarleg kynferðisbrot umþjóðanda míns kærðir til lögreglu en annað látið liggja á milli hluta,“ segir hann.

Kæran er lögð fram á grundvelli heimildar í hegningarlögunum sem kveður á um að aðdróttun sem borin er fram nafnlaust sæti ákæru ef sá sem misgert er við krefst þess. ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

KOMIÐ AFTUR!

GALLOWAY OG LIMOUSIN UNGNAUTAKJÖT FRÁ HOFSSSTAÐASELI Í SKAGAFIRÐI

TAKMARKAÐ
★★★★★
MAGN



Ungnauta ribeye

5.699 kr/kg



Fyrir rúmum þremur árum hófum við samstarf við ábúendur á Hofsstaðaseli í Skagafirði. Þau sérhæfa sig í holdnautarækt. Síðustu 24 mánuði hafa þau alið gripi af Galloway og Limousin kyni sérstaklega fyrir Hagkaup. Kjötið er verkað og látið meyrna í þrjár vikur. Útkoman er eitt flottasta og besta nautakjöt sem sést hefur í verslunum hér á landi. Í boði eru ribeye, lundir, file, entrecote, ribeye hamborgarar og nautahakk. Við erum stolt af samstarfinu við bændurnar á Hofsstaðaseli og hlökkum til að bjóða viðskiptavinum okkar upp á sannkallaða nautaveislu.



Grill hamborgarinn úr Galloway og Limousin 2 x 130 g

599 kr/pk
Verð áður 749 kr/pk



Fersk laxaflök

2.559 kr/kg
verð áður 3.199 kr/kg



Badia Cilantro Lime & Garlic Marinering & dressing

449 kr/stk

Frábær með
Laxinum

◆ SÉRVALIÐ ◆



Parmesan sösa
Með 16 mánaða ítölskum
Parmigiano - Reggiano

599 kr/stk



Nýtt
í Hagkaup

Olio nitti
Ekta ítölsk ólífuolía beint frá býli

Verð frá 1.899 kr/stk

◆ SÉRVALIÐ ◆



Tilbúið meðlæti
Baconfylltar kartöflur, brokkolisalat
og sætkartöflusalat

599 kr/pk



Sweet baby ray's BBQ sósur

Verð frá 459 kr/stk

Tilboð gilda út 18. júlí

MUNDU
EFTIR
FJÖLNOTA

HAGKAUP



Fjöldi báta á strandveiðum er 678.

Umframafli á strandveiðum

jon@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Nærri 250 skip lönduðu 14,5 tonnum umfram leyfðan heildarafa í veiðiferð í vikunni 5. til 9. júlí. Þetta kemur fram á vef Fiskistofu.

Á strandveiðum má hver bátur landa að hámarki 650 kílóum af slægðum afla í þorskígildum talið í hverri veiðiferð.

Alls hafa 678 bátar leyfi til veiðanna og var landaður afli í fyrradag rúmlega 64 prósent af þeim heimildum sem úthlutað er. ■



Dr. Sigurbjörn Einarsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Séra Sigurbjörn ræddur í Skálholti

gar@frettabladid.is

MENNING Málþing á vegum Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar um séra Sigurbjörn verður á Skálholtshátið sem stendur um helgina. Sigurbjörn, sem var biskup þjóðkirkjunnar frá 1959 til 1981, hefði orðið 110 ára 30. júní síðastliðinn.

Sonur Sigurbjörns, séra Karl Sigurbjörnsson, sem einnig var biskup, flytur ávarp auk þess sem ýmis erindi verða flutt. Bogi Ágústsson, fréttamaður á Ríkisútvarpinu, er formaður Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar og hann stýrir umræðum. Skálholtshátið hefst í Skálholti í dag. – SJÁ SÍÐU 20

Ferðavenjur umturnist ekki við bílprófsaldur

thorgrimur@frettabladid.is

SAMGÖNGUMÁL Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið gaf í gær út skýrslu um stöðu barna og ungmenna í samgöngum á Íslandi.

Vakin er athygli á því að börn séu jafnmiklir þátttakendur í samgöngum og fullorðnir og að taka verði mið af þörfum þeirra við stefnumörkun og uppbyggingu í þessum málaflokki.



Ungmenni er sögð eiga að hafa val um ferðamáta eftir bílprófsaldur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Samkvæmt skýrslunni ferðast börn og ungmenni mikið fótgangandi, á reiðhjólum og með almenningsamgöngum þar sem þær eru í boði, en hlutfallslega minna með innanlandsflugi en hinir eldri.

Miklar breytingar verði hins vegar á ferðavenjum þeirra þegar þau komast á bílprófsaldur. Ungmenni á bílprófsaldri aka hlutfallslega meira en eldra fólk en taka strætó einnig í meira mæli.

Í skýrslunni er bent á að mikill samfélagslegur ávinningur hljóti af því að ferðavenjur umturnist ekki þegar börn komast á bílprófsaldur og að ungmenni upplifi að þau eigi val um ferðamáta sinn.

Jafnframt er lagt til að samgönguáætlun taki mið af öryggiságerðum á þjóðvegum í þéttbýli og að unnið sé að uppbyggingu barnvænna samgönguinnviða í samvinnu við sveitarfélög. ■

Tugmilljónir ferðabýrstra hafa fylgst með nýjum auglýsingum um Ísland

Þriðji hluti markaðsverkefnisins Ísland – saman í sókn, hefur náð umtalsverðum árangri á þeim stutta tíma sem það hefur varað.

Þannig horfðu um 30 milljónir manna á kynningarmyndbönd verkefnisins í fyrstu vikunni, 24. júní til 1. júlí, en verkefnið mun standa í 11 vikur.

Frá því verkefnið hófst hafa yfir 20 milljónir manna brugðist við henni á samfélagsmiðlum og horft hefur verið á kynningarefnið þar oft en 70 milljón sinnum.

Markmið verkefnisins er að ná til þess fólks sem er í ferðahug, nú þegar landamæri eru að opnast á markaðssvæðum Íslands, með því að hvetja fólk til að ferðast til Íslands og upplifa þau fjölmörgu ævintýri sem land og þjóð hafa upp á að bjóða.

Um er að ræða kynningarátak fyrir íslenska ferðabjónustu sem hófst upphaflega í júní 2020, sem hluti af efnahagságerðum stjórnvalda vegna faraldursins.

Ríkissjóður veitir 1.500 milljón-um króna til verkefnisins í heild, en um 60 prósentum af fjármagninu verður varið í þriðja hluta verkefnisins sem stendur fram í september.

Fylgst hefur verið með fjölmörgum fjöllum samhliða birtingu kynningarefnisins og hafa nær 90 erlendir fjölmiðlar fjallað um það. Alls er talið að sú umfjöllun hafi getað náð til 700 milljóna manna.

Þaði Guðjónsson, fagstjóri neytendamarkaðssetningar hjá Íslandsstofu, segir að þeir sem hafa séð



Erlendir ferðamenn njóta leiðsagnar í höfuðborginni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Áhuginn er mikill á Íslandi og fólk er spennt.



Daði Guðjónsson, fagstjóri neytendamarkaðssetningar hjá Íslandsstofu.



Nærri 90 erlendir fjölmiðlar hafa fjallað um kynningarefnið frá Íslandi.

kynningarefnið séu mun áhugasamari um að ferðast til Íslands en þeir sem ekki hafa séð það.

„Við förum af stað með þennan þriðja fasa 24. júní. Þá förum við að auglýsa til ferðamanna sem eru að hugsa sér að ferðast. Við erum að

miða við að þeir komi þá í seinni part júlí og í ágúst,“ segir Daði.

Spurður hvort von sé á holskeflu af ferðamönnum hingað á næstu vikum, segir Daði svo ekki vera.

„Nei nei, áhuginn er mikill á Íslandi og fólk er spennt, en þetta er línulegur vöxtur. Kannanir sýna að af þeim sem eru tilbúnir að ferðast ætla um helmingur að ferðast á næsta ári,“ segir Daði.

Kannanir Íslandsstofu sýna að Bandaríkjamenn eru mun jákvæðari gagnvart ferðalögum en Evrópubúar um þessar mundir.

Þá vekur athygli sú niðurstaða að Kanadammenn virðast mjög ólíklegir til að ferðast til Íslands. ■

Álit um launaréttindi á ferðum talið fordæmisgefandi fyrir hið opinbera

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL EFTA-dómstóllinn telur að skilgreina beri ferðatíma starfsmanna á starfsstöðvar erlendis til vinnutíma sem greiða eigi laun fyrir. Þetta er efni nýs ráðgefandi álits sem aflað var vegna dómsmáls flugvirkja gegn Samgöngustofu, sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

„Ég tel að þetta hafi fordæmisgildi fyrir aðra ríkisstarfsmenn í sambærilegri stöðu,“ segir Jón Sigurðsson, lögmaður flugvirkjans. Hann segir álit dómsins verða innlegg í meðferð málsins en henni var frestað meðan beðið var eftir álitinu. Málinu verði nú fram haldið eftir réttarhlé í haust.



Jón Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Í málinu var meðal annars deilt um ferð flugvirkjans til Sádi-Arabíu sem tók frá 4.15 að morgni til 02.40 tæpum sólarhring síðar en aðeins tíminn frá klukkan 8 til 16 taldist til vinnutíma, samkvæmt launaseðli. Flugvirkinn krefst þess í málinu að fá greitt fyrir tíma á umræddum ferðalögum sem fellur

utan hefðbundins vinnutíma.

Samgöngustofa telur hins vegar að um „ferðatíma“ til vinnu sé að ræða sem ekki eigi að greiða sérstaklega fyrir.

Álit EFTA-dómstólsins varðar skilgreiningu á hugtakinu „vinnutíma“ samkvæmt vinnutímatilskipun Evrópusambandsins og það er niðurstaða dómsins að sá tími sem fer í ferðalög starfsmanns, utan hefðbundins vinnutíma til áfangastadar annars en fastrar eða hefðbundinnar starfsstöðvar, í því skyni að inna af hendi starf sitt eða skyldur á umræddum öðrum stað, að kröfu vinnuveitanda, teljist „vinnutími“ í skilningi tilskipunarinnar. ■

Manic Panic
hárlitirnir fást
hjá okkur
sendum um allt land

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955



SALEWA
MS Dropline GTX
Dömu
Kr. 29.990.-



SALEWA
MS Dropline GTX
Herra
Kr. 29.990.-



SALEWA
MS Dropline GTX
Herra
Kr. 29.990.-



SALEWA
MS Wildfire Edge
Dömu
Kr. 26.990.-



SALEWA
MS Dropline GTX
Herra
Kr. 39.990.-



SALEWA
Ultra Flex 2 mid GTX
Herra
Kr. 31.990.-



SALEWA
Alpenrose 2 mid GTX
Dömu
Kr. 31.990.-



SALEWA
MS Wildfire Edge
Herra
Kr. 26.990.-



SALEWA
MS Dropline GTX
Herra
Kr. 39.990.-



SALEWA
Ultra Flex 2 mid GTX
Herra
Kr. 31.990.-



Þín útivíst - þín ánægja
ICEWEAR  **MAGASÍN**
LAUGAVEGUR 91

HELLY HANSEN
Tamarak Herra
Kr. 17.990.-



ASOLO
Falcon Dömu
Kr. 29.990.-



ASOLO
Falcon Dömu
Kr. 29.990.-



DYNAFIT
Alpine Dömu
Kr. 23.990.-



HELLY HANSEN
Monashee Herra
Kr. 24.990.-



ASOLO
Falcon Herra
Kr. 29.990.-



DYNAFIT
Feline SL Dömu
Kr. 24.990.-



HELLY HANSEN
Switchback Trail HT
Herra
Kr. 24.990.-



ASOLO
Falcon Herra
Kr. 29.990.-



DYNAFIT
Alpine DNA Herra
Kr. 27.990.-



DYNAFIT
Feline SL Herra
Kr. 24.990.-



Vinir 
fá sérkjör
Skráning á icewear.is

Her Mjanmar sagður hamstra súrefni

thorvardur@frettabladid.is

MJANMAR Her Mjanmar er sagður hamstra súrefni og jafnvel hindra hjálparamtök í að afhenda sjúkrahúsum súrefnistanka.

Covid-smitum og dauðsföllum hefur fjölgað mjög í Mjanmar.

Herinn vill að súrefnið fari á hersjúkrahús til meðferðar á hermönnum og aðstandendum þeirra sem greinst hafa með Covid. Herinn hefur skotið á almenna borgara

sem biðu í biðröð eftir að kaupa súrefnistanka í stærstu borg landsins, Yangoon.

Auk þess að reyna að verða sér úti um allt súrefni í boði, hefur herinn tekið til sín langstærstan hluta bólu-efna sem berast til Mjanmar. Herinn hefur ráðlagt íbúum að nota hvít-lauk og sitrusávexti gegn smiti.

Tom Andrews, sérstakur erindreki Sameinuðu þjóðanna í mannréttindamálum Mjanmar, segir aukinn fjölda Covid-smita, hrún



Beðið eftir súrefnistönkum í Yangoon, gegn banni hersins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

heilbrigðiskerfisins og vantraust almennra borgara á hernum, gera það að verkum að útlitið sé afar dökkt. Auk þess hafi hann áhyggjur af ástandinu í fangelsum landsins, sem eru yfirfull af meintum andstaðingum hersins.

Herinn rændi völdum í Mjanmar 1. febrúar og steypti af stóli stjórn landsins. Mótmælaalda braust út eftir valdaránið, sem herinn hefur barið niður og hundruð mótmælenda verið skotin til bana. ■

Sjálfstæðissinnar fá aukinn meðbyr

thorgrimur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Um tveir þriðjungar Repúblikana í suðurríkjum Bandaríkjanna eru opnir fyrir því að kljúfa sig frá alríkisstjórninni og mynda nýtt ríkjasamband samkvæmt skóðanakönnun frá YouGov og Bright Line Watch.

Stuðningur við sjálfstæði frá Bandaríkjunum hefur aukist bæði meðal Repúblikana og Demókrata. Repúblikanar í Suðurríkjunum eru eini hópurinn sem segist nú hafa meirihluta með hugmyndinni. ■



Michel Aoun og Saad Hariri á fundi á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hariri gefst upp á stjórnarmyndun

thorgrimur@frettabladid.is

LÍBANON Saad Hariri, sem var útnefndur forsætisráðherra Líbanon í október 2020, hefur gefist upp á stjórnarmyndun. Hariri hefur staðið í stjórnarmyndunarviðræðum í rúma átta mánuði. Ástæðan er ágreiningur Hariris og Michel Aoun forseta um stærð stjórnarinnar og skiptingu ráðuneyta.

Hariri, sem var forsætisráðherra frá 2016 til 2020 en sagði af sér, var endurútnefndur í kjölfar sprengingarinnar mannskæðu í Beirúthöfn í ágúst 2020. ■

Kyn dómara hefur áhrif á úrlausnir

Bráðabirgðaniðurstöður dómaraannsóknar benda til þess að konur í dómara-stétt séu líklegri til að dæma vörninni í vil en karlmenn sókninni. Valgerður Sólves fer fyrir rannsókn á tengslum kynferðis og aldurs dómara og niðurstöðum dóma.

urduryrr@frettabladid.is

VÍSINDI Karl dómara eru líklegri til að úrskurða sókninni í hag en kvendómara vörninni, samkvæmt bráðabirgðatölum úr þverfaglegri, íslenski rannsókn á sviði lög- og félagsvísinda. Þá eru dómara á fimmtugsaldri mun líklegri en aðrir aldurshópar til að dæma varnar- aðila í hag.

Valgerður Sólves, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, vann rannsóknina í samvinnu við Benedikt Bogason, prófessor og forseta Hæstaréttar, og Guðbjörgu Lind Rafnsdóttur prófessor.

Valgerður segir að upplýsingum hafi verið safnað um kynferði og aldur dómara og málflytjenda í dómsúrlausnum í einkamálum sem voru kærð, eða áfrýjað til Hæstaréttar eða Landsréttar á tíu ára tímabili, frá 2010 til 2019. Markmiðið var að kanna hvort tengsl væru á milli annars vegar kynferðis og aldurs dómara og málflytjenda og hins vegar dómsúrlausna.

„Þegar við reðumst í rannsóknina þá var í raun ómögulegt að segja til um hvaða niðurstöðum hún myndi skila. Ég átti allt eins von á að engin tölfraðilega marktæk tengsl væru á milli þessara þátta sem við vorum að rannsaka,“ segir Valgerður.

Rannsókn sem þessi hefur að hennar sögn ekki verið unnin á Íslandi áður. Konur hafa tekið fram úr körlum í fjölda brautskráðra nemenda úr laganámi á Íslandi, en þróunin er ekki jafn hröð meðal



Karldómara pykja líklegri til að dæma sókninni í vil en kvendómara vörninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Við ákváðum að rannsaka ekki úrlausnir dómstóla í sakamálum þótt áhugavert kunni að vera.



Valgerður Sólves, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

starfandi lögfræðinga eða dómara.

Valgerður segist ekki geta tjáð sig frekar um niðurstöðurnar fyrir en rannsókninni verði lokið í haust. Enn sé verið að leggja lokahönd á tölfraðigreiningu og niðurstöður geta enn breyst eftir því sem liður á rannsóknina. Vonir standi til þess að unnt verði að birta endanlegar niðurstöður á komandi vetri.

Í viðtali við blaða- og fréttamenskudeild Háskóla Íslands segir Valgerður: „Ef tengsl eru á milli aldurs og/eða kynferðis dómenda og málflytjenda og úrslita dómsmála, gefur það ef til vill tilefni til að huga að menntun lögfræðinga, fræðslustarfi á vettvangi dómara og lögmannna og sjónarmiðum við skipun dómara. En ef í ljós kemur

að engin tengsl séu á milli þessara þátta væri slíkt auðvitað merki um að dómstólarnir standi vel að vígi hvað þetta snertir.“

Rannsóknin tekur aðeins til einkamála en ekki sakamála. „Við ákváðum að rannsaka ekki úrlausnir dómstóla í sakamálum þótt áhugavert kunni að vera, einkum af því að aðild ákærvaldsins og sakbornings í slíkum málum er ólík því sem gildir um einkamál,“ segir Valgerður. Þá segir hún að venjulega komi ekki til ákæru í sakamálum nema meiri líkur um minni séu á sakfellingu, að álitu ákæranda.

Verkefnið fékk styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og þá komu að verkefninu nokkrir laganemar og meistaranemi í félagsfræði. ■

Bannað að yfirgefa grænlenka bæi

thorvardur@frettabladid.is

GRÆNLAND Sóttvarnaryfirvöld á Grænlandi bönnuðu í gær íbúum tveggja bæja, Sisimiut og Qaqortoq, að yfirgefa þá og er bannið í gildi fram á mánudag. Þó getur fólk enn ferðast til bæjanna. Íbúar þar eru annars vegar um 5.500 og hins vegar um 3.000.

Sex eru smitaðir af Covid-19 í hvorum bæ fyrir sig og erfiðlega hefur gengið að rekja smitin. Álag er mikið á sýnatöku og raðgreiningar smitanna ganga hægt, en talið er að einhverjir hinna smituðu hafi tekið þátt í fjölmennum mannfögnuðum.

„Eins og staðan er núna höfum við ekki haft tækifæri til að taka sýni og ná til allra sem gætu hafa átt í samskiptum við hina smituðu. Þetta er vegna álags á sýnatöku og erfiðleika við flug til bæjarins vegna veðurs,“ sagði Henrik L. Hanssen,



Fólk situr fast í bænum Sisimiut þar til á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

landlæknir Grænlands, í gær.

Tuttugu manna samkomutakmarkanir eru í gildi og sóttvarnaryfirvöld skoða nú að breyta reglum um ferðalög frá Danmörku. Í bigerð er að skikka ferðalanga frá Danmörku til að framvísa neikvæðu PCR-prófi sem ekki er eldra en 48

tíma við komuna til Grænlands. Breytingin tekur gildi á mánudag.

Samkvæmt vefsíðunni Worldometer hafa 65 tilfelli Covid-19 greinst á Grænlandi og 51 hefur náð sér. Enginn hefur látist. Smitum hefur farið fjölgandi síðan um miðjan maí. ■

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI

10-60% AFSLÁTTUR

Lin DESIGN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is

AMSTERDAM
dream - create

van Gogh
The Quality Brand

REMBRANDT
The Professional Choice

liquitex

Conté
à Paris
DEPUIS 1795

LEFRANC
BOURGEOIS
PARIS



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Götuleikhús og listhópar kvöddu

Listhópar, sem starfað hafa ásamt Götuleikuhúsi Hins hússins í átta vikur frá í vor, héldu í gær glæsilega uppskeruhátíð í miðbæ Reykjavíkur. Engu var til sparað eins og sést á meðfylgjandi myndum og fékk hugmyndaauðgi unga fólksins að njóta sín til hins ítrasta í leiksýningum og öðrum listviðburðum.




JS WATCH CO. REYKJAVIK
Sennilega
Heimsins Minnsti
Úlra
Framleiðandi



ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.



JS Watch co.
REYKJAVIK

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Kynntu þér málið á
www.jswatch.com



Fækkunin



Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb @frettabladid.is

Það bregst ekki að ár hvert birtast í fjölmiðlum fréttir þar sem því er slegið upp að fækkað hafi í hinni íslensku þjóðkirkju. Skilaboðin virðast hverju sinni vera þau að þjóðkirkjan sé í djúpri tilvistarkreppu. Fyrir vikið hefur imynd þjóðkirkjunnar veikt nokkuð.

Samkvæmt venju birtist ein þessara fréttar á dögunum undir fyrirsögninni: Enn fækkar í þjóðkirkjunni. Líklegt er að þessi frétt hafi skapað einhvern ugg í hjórtum sannkristinna landsmanna sem þykja vænt um kirkjuna sína – og sem betur fer finnast þeir allmargir enn. Það er vissulega ekki í tísku að vera kristin manneskja, en um leið skal rækilega á það minnt að engin ástæða er til að hlaupa á eftir tiskustraumum, hvorki í þessum efnunum né öðrum. Þeir sem trúa eiga að vera staðfastir í trúnni, meðan sú trú er mild og kærleiksrík.

Þegar þessi frétt um fækkunina í þjóðkirkjunni var skoðuð nánar kom í ljós að engin ástæða er til að hafa áhyggjur af stöðu þjóðkirkjunnar – þvert á það sem margir hafa haldið fram og þreytast ekki að tönnlast á. Samkvæmt fréttinni voru 229.642 einstaklingar skráðir í þjóðkirkjuna þann 1. júlí síðastliðinn. Þeim hafði fækkað um 75 síðan 1. desember síðastliðinn. Ekki er þetta fækkun sem býður upp á að kirkjunnar menn bogni, andvarpi þungan og viðurkenni ósigur.

Staðreyndin er sú að meirihluti þjóðarinnar er skráður í þjóðkirkjuna á tímum þegar almenningur er áberandi lítið fyrir að binda trússitt við stofnanir. Þjónar kirkjunnar geta því borið höfuðið hátt og eiga ekki að hlaupa út í horn í angistarfullri vörn, eins og þeim hefur hætt of mikið til.

Það er allt í lagi þótt eitthvað fækki í þjóðkirkjunni á milli ára. Það breytir engu um það að fólk fer í kirkju. Þar eru skírnir, fermingar, giftingar og jarðarfarir. Kirkjusókn er góð á stórhátíðum. Enn hafa margir fyrir venju að fara í sunnudagsmessu og börn ganga mörg í sunnudagaskólann. Fólk leitar til presta á góðum jafnt sem erfiðum stundum, einnig þeir trúlausu. Mikilvægi kirkjunnar og prestanna er ótvírætt.

Staða þjóðkirkjunnar er enn sterk. Þjóðkirkjan einokar samt ekki trúarlíf í landinu, enda engin ástæða til að hún geri það. Kapólska kirkjan er með hátt í 15.000 meðlimi og Fríkirkjan í Reykjavík með 10.000. Trúin skiptir greinilega marga máli. Ríkjandi tilhneiging í fréttaflutningi er hins vegar til að láta eins og svo sé ekki.

Sjálfsgott munu þær halda áfram að birtast með reglulegu millibili, fréttirnar um að fækkað hafi í þjóðkirkjunni. Ekkert bendir hins vegar til að þjóðkirkjan sé komin að fótum fram. Einnig er rétt að hafa í huga að trúarvitund þarf ekki á nokkurn hátt að vera bundin stofnun. Trúna iðkar fólk kannski einna best þegar það er eitt með sjálfu sér. Hinu skal þó ekki neitað að hátíðleikinn sem ríkir í kirkjum er bæði áhrifamikill og sálarbættandi.

Prestar þjóðkirkjunnar eiga stoltir að halda áfram að boða kærleiksrika, kristna trú, enda á hún alltaf erindi. Og staðreyndin er sú að þjóðin hlustar og meðtekur. Kirkjurnar standa einfaldlega ekki auðar. ■

Ekki er þetta fækkun sem býður upp á að kirkjunnar menn bogni, andvarpi þungan og viðurkenni ósigur.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Mjódd er mikils vísir

Guðmundur Franklín Jónsson, stofnandi Frjálslynda lýðræðisflokksins, og Glúmur Baldvinsson, efsti maður á fyrrihuguðum framboðslista í öðru Reykjavíkurkjördæmanna, eru hvergi af baki dottnir þótt þeir sigli undir radar skoðanakannana fyrir tækjanna sem „virðast ætla að loka okkur úti“, eins og Guðmundur orðaði það í Facebook-áminningu í gær. Þeir félagar héldu síðan í Mjóddina í hádeginu að safna meðmælum og samkvæmt formanninum að spjalla í leiðinni við fólk og leysa lífsgátuna sem sjálfsgott er öllu einfaldari en stóra Gallup-ráðgátan.

Ermar og hendur

Haukfráni samfélagsrýnirinn Björn Birgisson í Grindavík gerði athugasemd við umkvartanir Guðmundar með mögulegri skýringu á fjarveru þeirra Glúms í skoðanakönnunum. „Líklega er ríkjandi vafi á að ykkur takist yfir höfuð að bjóða fram!“ Guðmundur heldur nú ekki: „Þetta eru bara vinnubrögðin hjá þessum fyrirtækjum,“ svaraði hann og uppskar pólitíska greiningu úr nágrenni gosstöðvanna: „Engir listar klárir, ekki frést af neinum prófkjörum, aðeins búið að birta nokkur oddvitanöfn. Þið þurfið aldeilis að bretta upp ermar ef þið ætlið að vera með!“ ■

Spá um stjórnarskrá



Jón Ólafsson prófessor við Háskóla Íslands.

Nú eru tíu ár síðan stjórnlagaráð afhenti Alþingi frumvarp að stjórnarskrá Íslands. Frumvarpið dagaði uppi í miklu karpri þingmanna vorið 2013. Tilraun til að breyta nokkrum ákvæðum stjórnarskrárinnar var gerð með frumvarpi sem þáverandi forsætisráðherra lagði fram sumarið 2016. Um það náðist engin samstaða. Núverandi forsætisráðherra hóf embættistíð sína með yfirlýsingu um endurskoðun á stjórnarskránni í áföngum í samráði við almenning. Á lokametrum þingsins í vor náðist ekki samstaða um neitt sem máli skipti í frumvarpinu. Fyrir þessu eru vafalaust margar ástæður. En ein blasir við: Ákvæði um tímamörk frá því að breytingar á stjórnarskrá eru samþykktar og þangað til kosningar þurfa að fara fram.

Og svo dagar það uppi

Búast má við að á næsta kjörtímabili kunni ný ríkisstjórn að hafa áhuga á því að breyta stjórnarskránni, eða jafnvel hverfa aftur til frumvarps stjórnlagaráðs. Þá má spá eftirfarandi atburðarás: Nefnd flokkanna fjallar um málið fram eftir kjörtímabili. Kannski verður aftur efnt til samráðs við almenning. Á síðasta þingi kjörtímabilsins verður frumvarp lagt fram og um það karpað undir lok þingsins. Á endanum dagar það uppi, kannski vegna málþófs, kannski vegna andstöðu; kannski bara vegna þess að ástandið á Alþingi er yfirspennn rétt fyrir þinglok þegar kosningar eru fram undan.

Byrja, ekki enda, á stjórnarskrá

Leiðin til að koma í veg fyrir að spádómurinn rætist er þó augljós: Ef breytingaákvæði stjórnarskrárinnar leyfði breytingar í upphafi kjörtímabils frekar en í lok þess væri líklegra að þingið gæti náð lendingu. Þá væri hægt að samþykkja frumvarp sem biði svo nauðsynlegrar afgreiðslu næsta þings án þeirra tíamarka sem nú koma í veg fyrir að þingið geti fjallað um stjórnarskrármál af viti. Og þá breytir engu hvort breytingar væru litlar eða stórar – hvort frumvarp stjórnlagaráðs frá 2011 væri lagt fram að nýju eða ráðist í breytingar á núgildandi stjórnarskrá. ■

„Ef breytingaákvæði stjórnarskrárinnar leyfði breytingar í upphafi kjörtímabils frekar en í lok þess væri líklegra að þingið gæti náð lendingu.“

HVAÐ ER PLANIÐ?

Kíktu á blaðsíðu 23!

Hvenær?

Í dag



Guðmundur Steingrímsson

Viðureigninni við Covid-19 er hvergi nærri lokið segir sóttvarnalæknir. Nú rekur mig bæði í rogastans og rek upp ramakvein. Bæði í einu. Þótt eftir sem áður sé mikilvægt að gæta jafnvægis og yfirvegunar í viðureigninni við vágstinn – og láta sér hvergi bregða – þá glittir þó engu að síður í yfirgripsmikil vonbrigði um þessar mundir og jafnvel tilefni til allverulegrar örvæntingar. Ég hélt í einfaldni minni að viðureigninni væri að ljúka. Annað hefur komið á daginn og manni líður óneitanlega svolítið bjánalega. Smit aukast. Heilbrigðisyfirvöld eru brúnaþung. Staðan er varhuga-verð. Hugleiða þarf aðgerðir.

Af þessu tilefni blasa við spurningar. Er bólusetning þá ekki nóg? Er nánast fullbólusett þjóð ekki hólpín? Munum við samt sem áður þurfa að búa við takmarkanir á daglegu lífi? Ef svo er, hvert er þá planið? Ef bólusetningar eru ekki nóg, hvað er þá nóg? Upp í heilahlæðið lædist hin lævíska og óþægilega spurning: Er lífið kannski varanlega breytt?

Ég verð að játa, að ég sem samviskusamur fylgjandi minnisblaða og reglugerða hef séð bólusetninguna sem ljósið við enda ganganna. Mér sýnist einnig að heilbrigðisyfirvöld hafi litið þannig á málið. Allir eru hér meira og minna á sömu blaðsíðunni hvað mikilvægi bólusetninga varðar. Það er gott. Við værum ábyggilega í afleitri stöðu, með Delta-afbrigðið grasserandi, ef þjóðin hefði ekki brugðist svona vel við bólusetningarákallinu. Í Frakklandi, þar sem smitum fjölga mjög, er planið að neyða fólk í bólusetningar með lögum og reglum. Fólk þráast við. Á Íslandi, til samanburðar, varð bólusetningin hin skemmtilegasta sýning á stuttermabolum, þó svo ég hafi ekki fundið þann sem ég ætlaði að vera í, sem er bolur með leðurblöku á, en hvað um það. Fólk hefur bólusett sig með glöðu geði undir tónlistarflutningi í Laugarðalshöll. Allt hefur gengið framur vonum. Við búum ekki við vanda Frakka. Ef grípa þarf til aðgerða hér líka, þrátt fyrir þennan góða árangur, er viðbúið að margir telji stöðuna vonlausu.

Nú hefur ekkert verið gefið út hvað aðgerðir varðar, en allt eins má gera ráð fyrir að minnisblöð verði skrifuð. En kannski ekki. Velta má upp öðrum möguleikum. Þótt mig skorti lækniáttun og allar forsendur til faraldsfræðilegra líkindaspádóma, þá dembi ég mér í bollaleggingar. Ég velti fyrir mér, hvort mögulegt sé að Covid verði hér eftir sett í flokk með alls kyns öðrum sjúkdómum, misalvarlegum, sem á mannfólki geta herjað að staðaldri. Er hugsanlega komið að þeim tímamótum í viðureigninni við veiruna, að skipta þarf yfir í langtímagirinn? Að því gefnu að bólusetning verði viðvarandi, og þótt greinilega sé ekki hægt að búast við því að bólusetning hindri algjörlega smit, að þá hlýtur að mega búast við því að bólusetning minnki mjög alvarleika sjúkdómsins. Ef það gengur eftir, má þá ekki gera ráð fyrir að í framtíðinni verði Covid eitthvað sem sumir geti vissulega fengið, þótt fólk sé bólusett, en kannski

– og hér er læknskunnáttu minni hvað mest ábótavant – þurfi þjóðfélög að læra að lifa með því? Verður Covid til langs tíma, að gefnum bólusetningum, mögulega eins og slæm influensa sem kemur og fer?

Ég veit ekki. Ein grunsemd hefur í öllu falli styrkst á liðnum dögum. Covid er að breyta veröldinni. Bólusetningar ganga ekki alls staðar vel og bólusetningar veita ekki fullkomna vörn heldur. Erfitt

er að sjá fyrir sér að ferðavenjur og daglegt líf um veröld alla falli fullkomlega aftur í fyrri skorður í bráð. Lönd eru enn lokuð og ekkert er gefið upp um opnun þeirra. Það mun vonandi breytast, en þó er líklegt að eftir standi töluvert öðruvísi veruleiki um talsvert skeið, þar sem vírusinn vomir í mismiklu leyni og áskoranir um varkærni og sóttvarnir í bland við opinberar aðgerðir munu setja mark sitt á daglegt líf.

Þetta leiðir hugann að öðru. Að Covid breyti veröldinni er kannski ekkert annað en þörf áminning til mannkyns um aðrar og stærri breytingar sem í vændum eru. Tímarnir eru dramatískir. Margt er að breyta veröldinni. Hún tekur stórstígum breytingum fyrir framan nefið á okkur á hverjum degi. Hitamet var slegið í Daudadalnum fyrir nokkrum dögum. Skógareldar loga á stöðum þar sem sjaldan hefur logað áður.

Amazon-regnskógurinn er farinn að spúa kolefni út í andrúmsloftið í staðinn fyrir að anda því að sér og geyma. Loftslagshamfarir eru hafnar.

Hvenær verður lífið aftur eins og það var? Það er eins og veiran hafi verið send okkur til þess að sýna okkur áþreifanlega að hið eina rétta svar hefur sjaldan verið augljósara og þýðingarmeira en núna – á þeim tímum sem við lifum – og það er þetta: Aldrei. ■

„Ég kem með gítarinn“



Brandenburg | SIA

Komdu með í ferðalag!

Á ferðalag.is getur þú fundið allt það helsta um ævintýrin sem Ísland hefur upp á að bjóða.

ÍSLAND
KOMDU
MEÐ



Caeleb Dressel (24 ára)
Bandaríkin

Sundkappinn sem vann til tvennra gullverðlauna tekur við sem andlit karlasveitar Bandaríkjanna í sundi, eftir að Michael Phelps lagði sundhettuna endanlega á hilluna. Ári eftir að hafa unnið til tvennra gullverðlauna sem hluti af boðsundssveit Bandaríkjanna í Ríó varð hann annar karlinn í sögunni til að vinna til sjö gullverðlauna á HM í sundi. Hann mun einmitt keppa í sjö greinum á Ólympíuleikunum og gæti orðið fjórða manneskjan í sögu Ólympíuleikanna til að vinna sjö gullverðlaun á sömu leikum, ef allt gengur eins og í sögu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stjörnur sem vert er að fylgjast með í Tókýó í sumar

Þegar vika er í opunarhátið Ólympíuleikanna tók Fréttablaðið saman nokkrar stjörnur sem vert er að fylgjast með á stærsta sviði íþróttanna. Sumar þeirra eru með augastað á metum sem sigursælustu iðkendur sinnar greinar frá upphafi, en aðrir eru að stíga sín fyrstu skref á Ólympíuleikunum.

kristinnpall@frettabladid.is

ÓLYMPIULEIKAR Tæpum fimm árum eftir að slökkt var á Ólympíuleid-

inum í Ríó árið 2016, er nú aðeins vika í opunarhátið Ólympíuleikanna í Tókýó eftir árs frestun vegna áhrifa kórónaveirufaraldursins. Óhætt er að segja að skipuleggjendur mótsins hafi ekki fengið auðvelt verkefni að skipuleggja stærsta íþróttaviðburð heims í miðjum heimsfaraldri sem ekkert lát virðist vera á. Á lokasprettinum eru yfirvöld í Japan búnin að lýsa yfir neyðarástandi vegna fjölda nýrra smita en flestir þátttakendurnir eru komnir til Tókýó og ætti því ekki neitt að geta komið í veg fyrir upphaf leikanna. ■



Allyson Felix (35 ára)
Bandaríkin

Spretthlauparinn keppir á fimmtu og síðustu Ólympíuleikum sínum í Tókýó sem hluti af boðhlaupssveit Bandaríkjanna. Takist henni að komast á verðlaunapall verður hún um leið sigursælasta konan í frjálsum íþróttum í sögu Ólympíuleikanna. Hún er þegar búin að gera metið yfir flest gullverðlaun á Heimsmeistaramótinu að sínu eigin, en með verðlaunum í Tókýó yrði þessi titill enn ein rósín í hnappagat Allyson, sem hefur undanfarin ár barist af krafti fyrir réttindum íþróttakvenna sem eru óléttar eða búnar að eignast barn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Laurel Hubbard (43 ára)
Nýja-Sjáland

Kraftlyftingakonan Laurel Hubbard verður fyrsta transmanneskjan í sögu Ólympíuleikanna, þegar hún keppir í ólympískum lyftingum í Tókýó. Ákvörðunin hefur vakið athygli víða en samkvæmt reglum Ólympíuleikanna stenst hún kröfur um að magn testósteróna í líkamanum sé undir ákveðnu marki. Í aðdraganda Ólympíuleikanna hefur Hubbard haldið sig til hlés en hún er í 15. sæti á styrkleikalista í sínum þyngdarflokki.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Wilfredo León (27 ára)
Pólland

León, sem hefur verið kallaður Cristiano Ronaldo blakíþróttarinnar, keppir í fyrsta sinn á Ólympíuleikunum í Ríó. León var kominn í landslið Kúbu fjórtán ára gamall en var gerður útlægur úr landsliðinu eftir að hafa yfirgefið landið árið 2012. Hann hefur leikið með Póllandi undanfarin tvö ár eftir að hafa fengið ríkisborgararétt árið 2015 og gæti fært Pólverjum fyrstu gullverðlaunin í blaki í 45 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Eliud Kipchoge (36 ára)
Kenýa

Kipchoge hefur verið kallaður besti maraþonhlaupari sögunnar og varð árið 2019 fyrsta manneskjan í sögunni til að hlaupa maraþon á undir tveimur tímum, þótt það hafi ekki verið viðurkenndur tími þar sem ekki var um opinbert hlaup að ræða. Hann hefur titil að verja í Tókýó eftir að hafa unnið gullverðlaun á Ólympíuleikum í fyrsta sinn í Ríó árið 2016. Kipchoge er handhafi heimsmeistarans í maraþonhlaupum á rétt rúmum tveimur tímum, en hann var tveimur mínútum á undan Ólympíumeti Samuel Wanjiru, 2:06:32, þegar hann kom í mark á 2:04:30 í úrtökumóti í Hollandi fyrir á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Kim Si-woo (26 ára)
Suður-Kórea

Kim, sem hefur unnið þrjú mót á PGA-mótaröðinni, afþakkaði boð um að keppa á Opna breska meistaramótinu, sem stendur yfir þessa dagana, til að undirbúa sig fyrir Ólympíuleikana. Hann er annar af tveimur kylfingum frá Suður-Kóreu sem horfa til þess að losna undan herskyldu í heimalandi sínu með því að vinna gull á Ólympíuleikunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Simone Biles (24 ára)
Bandaríkin

Hin ótrúlega Simone Biles keppir á sínum öðrum Ólympíuleikum þetta árið og gæti orðið sigursælasti fulltrúi Bandaríkjanna í fimleikum frá upphafi. Um tíma var talið að Ólympíuleikarnir í Tókýó yrðu hennar síðustu Ólympíuleikar, en fyrir á þessu ári gaf hún til kynna í viðtali við USA Today að hún væri farin að hugsa um að hætta eftir Ólympíuleikana í París 2024. Biles vann til fimm gullverðlauna í Ríó árið 2016 og hitaði upp fyrir Ólympíuleikana á dögnum með því að vera fyrsta konan í sögunni til að ná „Yurchenko double pike vault“ stökki. Hún er talin ein fremsta fimleikamanneskja sögunnar og getur haldið áfram að skilja aðra eftir í rykinu í Tókýó.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Sky Brown 13 ára
Bretland

Þrátt fyrir að vera yngsti keppandi Bretlands í sögunni, aðeins nýorðin þrettán ára, er Brown þriðji yngsti keppandinn í Tókýó. Brown er önnur af tveimur stúlkum fæddum árið 2008 sem taka þátt í keppni á hjólabretti í Tókýó. Hún hefur lengi verið í sviðsljósinu eftir að hafa rætt möguleikann á að komast á Ólympíuleikana við BBC ellefu ára gömul. Voru foreldrar hennar efins hvort að þetta væri rétti tímamunkturinn til þess að taka þátt í Ólympíuleikunum en Brown, sem er í þriðja sæti á Ólympíulista alþjóðahjólabrettasambandsins, var ákveðin í að taka þátt. Goðsögnin Tony Hawk hefur talað um að hún sé framtíð íþróttarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Naomi Osaka (23 ára)
Japan

Tennisstjarnan Osaka snýr aftur á völlinn í heimalandi sínu eftir mánaðar fjarveru. Osaka ákvað að draga sig úr keppni á Opna franska meistaramótinu í júní og gefa ekki kost á sér á Wimbledon eftir að hafa greint frá kvíða og þrálátri kröfu mótshaldara í Frakklandi um að hún sinni fjölmiðlaskyldu. Þegar það vantar nokkrar af stærstu stjörnum tennisheimsins verða öll augu á Osaka, sem er fædd í samnefndri borg í Japan.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 16. júlí 2021

Götubittinn stendur alltaf fyrir sínu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bragðmikil hátíð

sis@frettabladid.is

Um helgina fá allir sælkerar eitthvað fyrir sinn snúð, því þá verður haldin Götubita- og matarvagna-hátíð Íslands 2021. Hátíðin fer fram í Hljómskálagarðinum. Þar mun kenna ýmissa grasa, en á hátíðinni verður meðal annars að finna alla helstu matarvagna og götubita landsins. Samhliða hátíðinni verður haldin keppni um besta götubita Íslands 2021 í samstarfi við European Street Food Awards, en það er jafnframt stærsta götubitakeppnin í heiminum í dag. Keppni þessi er haldin víðs vegar um Evrópu og mun Ísland því verða með fulltrúa í lokakeppninni erlendis, en áætlað er að halda hana þegar kórónuveirufaraldrinum linnir.

Keppni um bestu bitana

Keppt verður í nokkrum skemmtilegum flokkum, svo sem um besta grænmetisréttinn, besta smábitann, götubita fólksins, bestu framsetningu og síðan verður auðvitað besti götubittinn 2021 valinn. Í fyrra var það Silli kokkur sem stóð uppi sem sigurvegari um besta götubitann 2020, en Just Wingin It vann titilinn sem besti smábitinn.

Plötusnúðar og hoppukastalar

Á Götubita- og matarvagnahátíðinni verður fjöldi aðila sem sérhæfa sig í götubita. Í Hljómskálalánnum verður einnig að finna uppblásinn írskan pöbb. Plötusnúðar ætla að þeyta skifum fólki til skemmtunar, börnin geta valið um leiktæki, en sex mismunandi hoppukastalar verða á svæðinu og einnig vatnaboltar. ■



Pau Hilmar, Guðný og Iris hafa staðið að undirbúningi hátíðarinnar og lofa góðri skemmtun fyrir alla, án áfengis og vímuefna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Áfengislaus skemmtun fyrir unga sem aldna

SÁÁ heldur um verslunarmannahelgina útihátíð á Skógum. Þangað getur fólk komið saman og skemmt sér með fjölskyldu og vinum, án áfengis og vímuefna. Eins og á alvöru útihátíð verður fjöldasöngur, ball og fjöldi góðra listamanna á staðnum. **2**

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTSALOE VERA
HREINN SAFI

www.celstus.is

Hátíðin er haldin á Skógum í fallegri náttúru í nálægð störfenglegra fossa. Það er ýmislegt hægt að gera til afþreyingar á Skógum en þar er forn bílasafn og skemmtilegt byggðasafn auk þess sem fallegar gönguleiðir eru á svæðinu.

Íþróttahús er á staðnum sem nýtt verður undir dagskrána ef veður leyfir ekki útveru. Á Hótel Kverna er hægt að kaupa morgunverð á vægu verði. Einnig er hægt að kaupa gistingu þar og þá er morgunverður innifalinn.

Á Skógum er gott tjaldstæði þar sem er pláss fyrir bæði tjöld og húsbíla. Hátíðarskipuleggjendur reikna með að geta tekið á móti 1.500 manns á svæðið.

Hilmar Kristensson, Íris Kristjánsdóttir og Guðný Pálsdóttir hafa haft veg og vanda af skipulagningu hátíðarinnar en þau hafa lengi verið virk í félagsstarfi SÁÁ og skipulagt fjölda útihátíða.

„Við erum ungliðahópurinn í SÁÁ,“ segir Guðný hlæjandi, en bæði Hilmar og Íris hafa verið viðlodandi starfsmenina í áratugi.

„Þetta verður fjölskylduhátíð og það er algjört skilyrði að skemmtunin verði vímuefna- og áfengislaus. Við stílum inn á ungt fólk, fjölskyldufólk og bara alla,“ segir Hilmar.

„Þó að við þrjú séum kannski í eldri kantinum þá viljum við leggja áherslu á að hátíðin er fyrir alla, ungt fólk, fjölskyldur og eldra fólk,“ segir Guðný og hin taka undir.

„Hátíðin er ekki eingöngu hugsuð fyrir þá sem tengjast SÁÁ á einhvern hátt heldur alla sem vilja koma og skemmta sér saman án áfengis og vímuefna,“ segir Hilmar.

„Þessar útihátíðir sem við höfum haldið hafa verið rosalega vinsælar. Við leggjum alltaf upp úr að hafa flotta skemmtikrafta og gleðin hefur verið mikil. Við höfum haldið Edrú-hátíð á Hlöðum, Laugalandi í Holtum, Staðarfalli í Dölum og fleiri stöðum. En þetta er í fyrsta skipti sem við erum á Skógum. Ég hef tekið þátt í mörgum svona útihátíðum og aðstaðan á Skógum er ein sú allra besta sem við höfum boðið upp á.“

„Þetta er algjör paradís og stutt frá bænum,“ skýtur Guðný inn í.

Íris segir að lengi vel hafi verið öflugt félagsstarf hjá SÁÁ en það hafi legið í dvala vegna Covid.

„Ég hef verið virk í félagsstarfi SÁÁ í mörg ár og það er svolítið það sem hefur gefið lífinu gildi. Með þessari útihátíð erum við að endurvekja félagsstarfið eftir Covid, en svo höldum við áfram með skemmtilega dagskrá í haust í Von í Efstaleiti,“ segir hún.

Fjölbreytt dagskrá

Auk undurfagurrar náttúru á svæðinu sem býður upp á noga



Á Edrú-hátíðum SÁÁ er alltaf mikið líf og fjör.

MYNDIR/ABSENDAR



Listasmiðja fyrir börnin er fastur liður.

Hátíðin er ekki eingöngu hugsuð fyrir þá sem tengjast SÁÁ á einhvern hátt heldur alla sem vilja koma og skemmta sér saman án áfengis og vímuefna.

Hilmar Kristensson



Brekusöngur er tilheyrandi á útihátíð.

Náttúruleg & öflug blanda frá ICEHERBS



Hamingjusöm & heilbrigð melting
Vöðvaslakandi & gott fyrir liði og bein

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

afþreyingu er einnig heilmikil dagskrá í boði á hátíðinni sjálfri.

„Það verður barnaskemmtun og hoppukastalar. Regina Ósk og Svenni sjá um barnaskemmtunina og leiki,“ segir Íris.

„Það verður líka listasmiðja fyrir börn og hæfileikakeppni. Við leggjum mikið upp úr því að hafa eitthvað í boði fyrir alla fjölskylduna. Það verður fjöldsöngur sem Bjartmar Guðlaugsson stýrir og svo verður boðið upp á jóga, hugleiðslu og fleira.“

Hilmar bætir við að einnig verði sameiginlegt grill og dansleikur í íþróttahúsinu.

„Það verður sameiginlegt pylsupartí og vöfflukaffi, diskótek fyrir börn og unglina og dansleikur bæði kvöldin, en við tilkynnum síðar hver sér um hann,“ segir hann.

„Það verða einnig AA-fundir alla dagana, fyrir karla, konur og ung SÁÁ.“

„Við fáum góðan stuðning frá mörgum fyrirtækjum og við viljum

þakka þeim og listafólkinu fyrir að geta haldið þessa hátíð,“ segir Guðný. ■

Miðaverði á hátíðina verður haldið í lágmarki og er tjaldstæði innifalið í því. Fyrir þau sem ekki komast á eigin bíl verður boðið upp á sætaferðir frá Von í Efstaleiti.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í síma: 8969374 eða 8247646.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sigríður Inga Sigurðardóttir sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þóris Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sólumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

SORE NO MORE

Natural Pain Relieving Gel

Fyrir æfingu



Eftir æfingu



SORE NO MORE

Náttúrulegt hitagel

SORE NO MORE

Náttúrulegt kæligel

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar

VEIDIPORTID
Grandagarður 3 • Sí: 552-9940

Shp. Tvígengis
159.000.kr



Gerid verðsamanburð!
www.veidiportid.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut

Þjónusta

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178,
105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is | www.accountant.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Garðyrkja



- » Jarðvinna
- » Drenlagir
- » Hellulagir
- » Þökulagir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllum almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUB ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 50 m² bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar



Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Uppbygging á íþróttasvæði Hauka að Asvöllum, Hafnarfirði

skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 17. ágúst 2021.



MATUR OG HEIMILI MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

Þátturinn er á dagskrá alla Þriðjudaga kl. 19.00

BONUS



HRINGBRAUT

Tilkynningar

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. júlí 2021, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. júlí 2021 og önnur gjaldfallin álgð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. júlí 2021, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álgðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálaþjónustu, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuáskorun þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. júlí 2021

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfirðum

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

KRYDD

veitingahús

Restaurant & Bar
Hafnarfirði

SUMARTILBOÐ

Fjögurra rétta ósvissuferð fyrir tvo 9.990 kr



Hafa samband
Sími: 558-2222
krydd@kryddveitingahus.is

Strandgata 34
220 Hafnafjörður
kryddveitingahus.is

Merkisatburðir

1945 Kjarnorkusprengr er sprengd í fyrsta sinn af Bandaríkjaheir í tilraunaskyni.

1980 Ronald Reagan er útnefndur forsetaefni Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum.

1991 Mikhaíl Gorbatsjev óskar eftir efnahagsaðstoð frá leiðtogum sjö helstu iðnríkja heims.

1994 Borgarastríðinu í Rúanda lýkur.

1999 Flugvél með John F. Kennedy yngri, Carolyn Besette Kennedy, eiginkonu hans og systur hennar, ásamt fleiri farþegum, ferst á Atlantshafi.

2005 Skáldsagan Harry Potter og blendingsprinsinn kemur út á sama tíma um allan heim. 287.564 einstök seljast að meðaltali á hverri klukkustund fyrsta sólarhringinn.



Hátíðin var fyrst haldin árið 1956 til að vekja Skálholt til fyrri vegs og virðingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjölbreytt dagskrá í Skálholti

Pilgrímsgöngur, málþing og tónleikar eru á dagskrá Skálholtshátíðar sem stendur yfir um helgina.

arnartomas@frettabladid.is

Skálholtshátíð hefst í dag og stendur fram á sunnudag. Dagskráin er að venju fjölbreytt á hátíðinni sem er alltaf haldin í kringum Þorláksmessu á sumri. Hátíðin var fyrst haldin árið 1956 þegar 900 ár voru liðin frá stofnun biskupsstóls í Skálholti, árið 1056.

„Við viljum bjóða fólk velkomið í Skálholt um helgina, það er spáð yndislegu veðri og við viljum fá sem flesta til að upplifa Skálholtshátíð með okkur,“ segir Herdís Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri Skálholts. „Hátíðin er öllum opin og án endurgjalds, utan tónleikanna sem haldnir eru í kvöld, þar sem Hjörleifur Valsson og Jónas Þórir spila á fiðlu og orgel í kirkjunni.“

Meðal dagskrárliða á hátíðinni er málþing um biskup Sigurbjörn Einarsson, ganga um minjasvæði og aðra staði Ragnheiðar Brynjólfssdóttur og hátíðartónleikar með kór- og óperusöng.

Kyrröðin fundin í göngunni

Ellefta árið í röð verður boðið upp á pilgrímsgöngur sem enda með inngöngu í hátíðarmessuna á sunnudeginum. Séra Dagur Fannar Magnússon leiðir lengstu gönguna, sem hófst 8. júlí, frá Hólum í Hjaltadal yfir Kjöl.

„Nú er ég ekki alveg með það á hreinu hvort þessi ganga hafi verið farin af biskupum eða öðrum, en þetta er alla-



110 ár eru liðin frá fæðingu dr. Sigurbjörns Einarssonar biskups og verður þess minnst með málþingi á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Tilgangurinn með þessu er að ihuga andleg málefni og að finna kyrröðina.

vega leið á milli biskupsstólanna Hóla og Skálholts,“ segir Dagur Fannar, nýkominn yfir Hvítá. „Tilgangurinn með þessu er að ihuga andleg málefni og að finna kyrröðina.“

Leiðin er ansi löng og Dagur Fannar treystir sér ekki til að gefa upp nákvæma lengd í kílómetrum. „Það er ekki nákvæmlega búið að mæla það og við komumst í raun og veru ekki að því fyrr en ég er kominn í Skálholt,“ segir hann. „Það er þó hægt að mæla með að fólk sé í ágætis formi áður en það leggur í þessa göngu. Þá eru styttri göngur sem hefjast frá Bæ í Borgarfirði og Reynivöllum í Kjós.

Dagskrána í heild má finna á skalholt.is. ■

Þetta gerðist: 16. júlí 1976

Kafarar finna flak Akerendam

Það var 16. júlí 1976 sem þrjú áhugakafarar fundu flak hollenska skipsins Akerendam úti fyrir Runde í Noregi. Skipið var smíðað árið 1724 á vegum Hollenska Austur-Indíafélagsins. Akerendam lagði af stað ári síðar til Jakarta með tuttugu kistur af gulli og silfri. Allir 200 skipverjar fórust þegar skipið sökk í snjóbyl undan ströndum Noregs.

Á næstu mánuðum fundust aðeins

fimm kistur úr skipinu, sem gleymdist síðan þar til áður nefndir kafarar frá Svíþjóð og Noregi fundu flakið og um 57 þúsund gull- og silfurpeninga. Fundurinn hefur síðan þá verið kallaður Runde-fjárskjóðurinn.

Hluta Norðmanna var skipt á milli Háskólans í Ósló og Sjöminjasafnsins í Bergen. Í janúar 2011 var hluti peninganna fluttur aftur til eyjarinnar til sýningar í Runde. ■



Ástkær sonur minn, bróðir, mágur og frændi,

Bjarki Þórhallsson

Berjahlíð 2, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu 12. júlí síðastliðinn. Útför verður auglýst síðar.

Þórhallur Ægir Þorgilsson

Baldur Þórhallsson

Felix Bergsson

Ólöf Þórhallsdóttir

Ármann Ingi Sigurðsson

og fjölskyldur.



Elsku yndislega mamma mín, amma og tengdamamma,

Sigrún Karlsdóttir

félagsráðgjafi,

lést á heimili sínu Eskihlíð 16a, 6. júlí. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 22. júlí kl. 13.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósíð.

Ásta Sighvats Ólafsdóttir

Henrik Þór Tryggvason

Birgit Elva Henriksdóttir

Pétur Kári Henriksson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Inga Ísaksdóttir

áður Hæðargarði 33,

lést á hjúkrunarheimilinu Söltúni, föstudaginn 9. júlí sl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, mánudaginn 19. júlí klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósíð.

Helga Þ. Einarsdóttir

Steinunn J. Matthíasdóttir

Ísak J. Matthíasson

Hulda Gunnarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhann Guðmundsson

fv. flugvélstjóri,

lést á líknardeild Landspítala sunnudaginn 4. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

Laufey Hrefna Einarisdóttir

Ingvar Ágúst Jóhannsson

Catherine Beyer Jóhannsson

Einar Marinó Jóhannsson

Sigríður Jakobsdóttir

Porkell Jóhannsson

Anna Sólveig Árnadóttir


barnabörn og barnabarnabarn.



**Borgarferð
fyrir
fjölskylduna
á betra verði**

**17 ára og yngri ferðast
frítt með forráðamanni út júlí
í Strætó á höfuðborgarsvæðinu**

Veðurspá Föstudagur



Suðvestlæg eða breytileg átt 3-10 og dálitlar skúrir í dag, en 8-15 og skýjað með köflum á SA-landi. Hiti 8 til 20 stig. ■

NÝBAKAÐ BRAUÐ ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Skák Gunnar Björnsson



Krossgáta

- LÁRÉTT**
- 1 landíafriku
 - 5 svipuð
 - 6 íröð
 - 8 álag
 - 10 tveireins
 - 11 hald
 - 12 grobb
 - 13 fjarstæða
 - 15 mælikvarði
 - 17 fanga
- LÓÐRÉTT**
- 1 blóm
 - 2 hljóðfæri
 - 3 gerast
 - 4 skensar
 - 7 rægja
 - 9 geysast
 - 12 nytsemi
 - 14 þakhæð
 - 16 verkfæri

1	2	3	4		
5			6	7	
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

Tómas Hermannsson átti leik gegn Judit Polgar á Reykjavíkurskáknotinu 1988.

40. Hh8+! Bxh8?? (eftir 40...Kg7! tryggir sterk staða biskupsins á d4 svörtum jafntefli). 40...Bxh8 41. De8! 1-0. Tómas fagnar 50 ára afmæli í dag. Hann er eini Íslendingurinn í skáksögunni sem hefur unnið Judit Polgar sem reyndar var þá 12 ára. Hjörvar Steinn Grétarsson tapaði gegn Maxim Matlakov í gær í fyrri skák einvígis þeirra. Hann þarf sigur í dag til að komast í aukakeppni á morgun. www.skak.is: Heimsbikarmótið.

Sudoku

9	3	7				1		
	8	2	5					4
5			6	2	3	7		
4		1			2	5	9	
				3	7		6	1
3	9						2	
			2	1	5			
8	4	9						
1			4	8		3		

		7					2	
9	6	8					3	
			5	7	9	1		
		3	2			5		
	1	6			5		7	
			4				6	
				9	8	6		
			7		1			
4								1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Ókei! Þau sem eru fylgjandi því að formaðurinn fari ásamt fórunauti í dekurhelgi, réttið upp hönd!

Eh... ég vil taka það fram að ég sem formaður er með tvöfaldan atkvæðisrétt!

Þú þarft engu að síður meirihluta, Ívar! Hafnað!

Hvað er þetta, Irma? Langar þig ekki í ævintýrlega helgi í boði Kóktappafélagsins?

Tja... það er heldur snemmbært! Ég hef bara verið meðlimur í sirka fjórar mínútur!

Ska! Þá biðum við bara! Ný atkvæðagreiðsla eftir klukkutíma!

Velkomin í minn heim!

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Gaur, ertu tilbúinn?

Jebb.

Þéttur hópur. Sameinuð lærum við, sundruð föllum við.

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Mamma, hvenær mun ég gifta mig?

Ó, einn daginn þegar þú ert vaxin úr grasi...

...og þú ert tilbúin...

...og þú getur borgað fyrir brúðkaupið sjálf.

...og það er einhver nóg heimskur til að giftast þér.

MAMMA!!

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Við sluppum

Árni H. Kristjánsson er elstur fimm systkina sem ólust öll að miklu leyti upp á stofnunum, þar á meðal vöggustofum á vegum Reykjavíkurborgar. Árni segir þau systkin hafa sloppið ágætlega, en meðferðin hafi haft skelfilegar afleiðingar fyrir flest börnin sem þar voru vistuð. Eins hafi mæður í bágru stöðu verið beittar þrýstingi til að afsala sér börnum sínum. Árni er einn fimmmenninganna sem nú krefjast rannsóknar á vöggustofunum og réttlætis til handa þessum börnum og mæðrum þeirra.



Nauðsynlegt uppgjör tíu árum síðar

Næstkomandi fimmtudag, eru tíu ár liðin frá hryðjuverkaárásunum í miðborg Osló og í Útey. Sendiherra Noregs hér á landi, **Aud Lise Norheim** segir samtalið sem nú á sér stað nauðsynlegt uppgjör.



Vildu ekki að ferðin kláraðist

Ferðafélag barnanna stóð fyrir sinni fyrstu Laugavegsferð þetta sumarið og fór **Kolbrún Björnsdóttir** fyrir hópnum ásamt eiginmanni sínum og ellefu ára dóttur þeirra. Kolla segir öll átta börnin hafa farið út fyrir sinn ramma og þannig stækkað sjálfið í ferðinni.



Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

NATURE VALLEY™

NJÓTTU NÁTTÚRUNNAR





Stína kemur fram á jazzhátíð.

Jazz undir fjöllum

kolbrunb@frettabladid.is

Jazz undir fjöllum, árleg jazzhátíð í Skógum undir Eyjafjöllum, verður haldin í sextánda sinn laugardaginn 17. júlí.

Aðaltónleikar hátíðarinnar fara fram í félagsheimilinu Fossbúð laugardagskvöldið 17. júlí kl. 21.00. Þar kemur fram kvartett söngkonunnar Stínu Ágústsdóttur, en hún býr og starfar í Svíþjóð. Með henni leika þeir Agnar Már Magnússon á Hammond-orgel, Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar og Jóhann Hjörleifsson á trommur.



Þar kemur fram kvartett söngkonunnar Stínu Ágústsdóttur, en hún býr og starfar í Svíþjóð.

Í Skógakaffi verður boðið upp á tónlist laugardaginn 17. júlí frá kl. 14–17. Sigurður Flosason leikur á saxófón, Snorri Sigurðarson á trompet, Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar, Agnar Már Magnússon á Hammond-orgel og Jóhann Hjörleifsson á trommur. Einnig munu Andrés og Agnar leika lög af nútómminni plötu sinni, Aldarfar, en þar heiðra þeir Jón Múla Árnason 100 ára og verk hans. ■

Fjölbreytt verk norðlenskra listamanna

Takmarkanir er sýning á verkum norðlenskra listamanna í Listasafninu á Akureyri. Sýningarstjóri er Hlynur Hallsson safnstjóri.

kolbrunb@frettabladid.is

„Þetta er í fjórða skipti sem samsýning norðlenskra listamanna er haldin í safninu. Þegar ég tók við starfi safnstjóra 2014 fannst mér mikilvægt að sinna grasrótinni og sýna reglulega verk norðlenskra listamanna,“ segir Hlynur.

Á sýningunni eru verk eftir sautján listamenn, valin af dómnefnd. „Þessi sýning er eina sýningin sem listamenn geta sótt um að taka þátt í og dómnefnd velur verk til sýningar. Vegna niðurskurðar eru þátttakendur einungis sautján að þessu sinni, en voru þrjátíu og einn fyrir tveimur árum. Mér finnst þessi sýning eiginlega betri en sú síðasta því verkin fá gott rými og mjög stór verk njóta sín vel,“ segir Hlynur.

Við skilgreining

Sýningin takmarkast við norðlenska listamenn en skilgreiningin á „norðlenskum listamanni“ er þó mjög við, eins og Hlynur bendir á: „Listamennirnir búa ekki allir á Norðurlandi en eru fæddir þar eða hafa starfað þar. Ég segi bara, ef þú lítur á þig sem norðlenskan listamann þá geturðu sótt um að vera þátttakandi í sýningunni.“


Í fyrsta sinn er sérstakt þema á samsýningu norðlenskra listamanna í safninu, en titill sýningarinnar er Takmarkanir. „Listamönnum er í sjálfsvald sett hvernig þeir túlka þann titil og það sést að sumir þeirra hafa ekki verið að hugsa sérstaklega um takmarkanir, en svo má velta því fyrir sér hvað séu takmarkanir og í hverju þær felast,“ segir Hlynur.

Elsti listamaðurinn sem á verk á sýningunni er Guðmundur Ármann Sigurjónsson, fæddur 1944. Yngsti listamaðurinn er Brák Jónsdóttir, fædd 1996, en hún er



Mér finnst mikilvægt að sýna reglulega verk norðlenskra listamanna, segir Hlynur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN



Verk eftir Hrefnu Harðardóttur og Sigurð Mar Halldórsson.

nýútskrifuð úr Listaháskólanum. Faðir hennar, Jón Laxdal Halldórsson, og móðir, Adalheiður S. Eysteinsdóttir, eiga einnig verk á sýningunni. Safnið gefur út sýningarskrá með ljósmyndum og texta um öll verkin.

Iðnir ferðamenn

Sýningin er á tveimur hæðum og verkin eru afar fjölbreytt. Þarna eru málverk, ljósmyndir, vídeóverk, teikningar, skúlptúrar, lágmyndir og innsetning. „Við setjum ekki skilyrði um að verkin þurfi að



Verkin fá gott rými og mjög stór verk njóta sín vel.

vera ný, en 90 prósent verkanna eru mjög nýleg,“ segir Hlynur.

Hann segir erlenda ferðamenn iðna við að heimsækja safnið á sumrin. „Þeir hafa verið um 70 prósent gesta. Þeir koma hingað og segjast vera búnir að sjá Picasso og Andy Warhol og vilja sjá verk íslenskra listamanna. Þá getum við bent þeim á þessa sýningu með mikilli ánægju.“

Sýningin stendur til 26. september. ■

Engin hætta á slagsmálum

TÓNLIST



Einleikssvitur Bachs í túlkun Geirþrúðar Önnu Guðmundsdóttur. Norðurljós í Hörpu Laugardaginn 10. júlí

Jónas Sen

Bach var mjög skapmikill. Þegar hann var ungur og starfaði sem kirkjuorganisti í Arnstadt þurfti hann einnig að þjálfa námsmannakór og hljómsveit. Hann hafði óbeit á því. Á einni hljómsveitaræfingunni missti hann stjórn á sér og kallaði seinheppinn fagottleikara öllum illum nöfnum. Fagottleikarinn tók því ekki þægjandi, og nokkrum dögum síðar réðst hann á Bach með barefli. Hann svaraði með því að draga fram rýting. Þetta hefði getað farið illa, en nærstaddir gátu stíað þeim í sundur.

Ég nefni þessa sögu til að sýna fram á að Bach var tilfinningavera, eitthvað sem sumum flytjendum tónlistar hans hættir til að gleyma. Fyrir bragðið verður hún stundum leiðinlega virðuleg og andlaus. Sú var ekki raunin hjá Geirþrúði Önnu Guðmundsdóttur sellóleikara. Hún flutti allar einleikssviturarnar sex á tvennum tónleikum í Hörpu um helgina.

Engin lognmolla

Á fyrri tónleikunum, sem hér um ræðir, lék hún svítur númer 1, 4 og 5. Engin lognmolla var í leik hennar. Fyrsta svítan, sem er í C-dúr, var glaðleg í meðförum hennar. Tónmyndunin var hárnákvæm, hratt fingraspil tært og meitlað, bogatæknin óaðfínanleg. En ekki bara það. Geirþrúður spilaði af einlægni, túlkun hennar var full af tilfinningum. Hún tók áhættu, það voru engar málamiðlanir í leik hennar. Túlkunin einkenndist af snerpu og skaphita, sannfærandi flæði og músikölsku innsei. Smæstu blæbrigði voru einstaklega fallega mótuð, en meginlínurnar skýrar. Ef Geirþrúður hefði verið í hljómsveit Bachs, hefði hann örugglega hælt henni í hástert. Ekki hefði verið nein hætta á slagsmálum.

Næst á dagskrá var svíta nr. 4, sem er í erfiðri tóntegund fyrir sellóleikara, Es-dúr. Engu að síður lék hún í höndunum á Geirþrúði. Sömu sögu var að segja um flutninginn á fimmtu svítunni sem var síðust á dagskránni. Báðar svíturnar voru gríðarlega dramatískar, þrungnar sterkum andstæðum, óheftar og sannar. Þetta var mögnuð upplifun.

Mismunandi dansar

Kaflarnir bera nöfn mismunandi dansa, enda er hver svíta hugsuð sem hálfgerð ball. Prelúdían í upp-



Ef Geirþrúður hefði verið í hljómsveit Bachs, hefði hann örugglega hælt henni í hástert.


hafi, nokkurs konar forspil, er það þegar ballsveitin hitar upp á undan ballinu, inngangurinn að skemmtuninni. Hinir kaflarnir heita allemande, courante, sarabanda og svo framvegis. Hver dans hefur sín megineinkenni, þannig er courante hálfgerð hlaup, en sarabanda hægur og þokkafullur. Sarabandan í hverri svítu er innhverfasti þátturinn, og sumir hafa kallað hann hjarta verksins. Túlkun Geirþrúðar á saraböndunum var djúphugul og andrík, og aldrei tilgerðarleg. Courante kaflarnir voru hins vegar skemmtilega ærslafegnir; leikurinn bæði spennuþrunginn og lifandi. Þetta var eftirminnleg stund. ■

NIDURSTAÐA: Einkar vandaðir og líflægir tónleikar.



Engin lognmolla var í leik hennar, segir Jónas Sen.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR



Verið hjartanlega velkomin á Menningarveislu Sólheima 2021

Sólheimar voru stofnaðir af Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur
5. júlí 1930 og fögnum við því 91 árs afmæli í ár.
Að venju verður margt um að vera á Menningarveislunni:

Tónleikar

Alla laugardaga í sumar
Laugardaginn 17. júlí kl. 14:00
Axel Ó og Dan Cassidy

Áhugaverðar sýningar

Sólheimahús
Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir Sólheimar 1930-2020
Lionsklúbburinn Ægir verndarenglar Sólheima í 64 ár

Íþróttaleikhús Sólheima
Leikfélag Sólheima í 90 ár 1931-2021

Listhús Grænu könnunar
Samsýning vinnustofa

Kaffhús Grænu Könnunar
Flekamyndir eftir Gerhard Könning

Höggmyndagarður
Í garðinum eru afsteypur listaverka eftir frumkvöðla íslenskrar
höggmyndalistar frá aldamótunum 1900

Markaðstorg

Sælkeri og handverksmarkaður
Útmarkaður allar helgar til 15. ágúst. Þar verða ferskar lífrænar
afurðir frá gróðurhúsum og matvinnslu Sólheima ásamt lífrænt
ræktuðum plöntum og trjám úr skógræktarstöðinni til sýnis og sölu.
Sælkeramatúr úr sunnlenskum sveitum, handverk hagleiksfélks,
listmunir og margt margt fleira.

Veitingar

Vala og Græna Kannan opin alla daga í sumar frá 11-18.
Upplifðu Sólheima með bragðlaukunum á Grænu könnunni í hjarta
Sólheima og í versluninni Völu fást allar Sólheimavörurnar,
handgerðirlístmunir, grænmetið, kertin og aðrar nauðsynjavörur.

Sólheimakirkja
17. júlí - kl. 14:00
Axel Ó og Dan Cassidy



Sólheimakirkja
24. júlí - kl. 14:00
Herra Hnetusmjör



Sólheimakirkja
31. júlí - kl. 14:00
Teitur Magnússon



Sólheimakirkja
7. ágúst - kl. 14:00
Gissur og Jónas Þórir



Sólheimakirkja
14. ágúst - kl. 14:00
Þorgeir Ástvaldsson
og vinir
Minnigartónleikar
Ragga Bjarna



Sólheimakirkja
21. ágúst - kl. 14:00
Fríða Dís



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG



NÁÐU TIL
FJÖLDANS!

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.* Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir. Hafðu samband og við aðstoðum þitt fyrirtæki við að ná til fjöldans.

Sími: 550 5050 – soludeild@frettabladid.is

44%


18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

49%

35-65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

68%

55-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*



*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Föstudagur

Hringbraut

- 18.00 Sir Arnar Gauti (e)** Lífsstilsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitinga-húsameningu, arkitektúr og margt fleira.
- 18.30 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 19.00 Eldhugar (e)** Í Eldhugum er farið með viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
- 19.30 Fjallaskálar Íslands - Flat-eyjardalur (e)** Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildapáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
- 20.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 20.30 Undir yfirborðið (e)**

RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimaleikfimi**
11.05 Sumarlandabrot
11.10 Matur með Kiru
11.40 Úti Fjallabak, Hnappavellir og Svínafellsjökull.
12.15 Ofurheilur - Streita
12.35 Ferðastíklur Kjölur - Kerlingarfjöll.
13.20 Sögur frá landi
13.45 Óvæntur arfur
14.45 Matarmenning - Kartöflur
15.10 Í garðinum með Gurrý Gróðursetning í ker og garðyrkja.
15.40 Kiljan
16.20 Basl er búskapur
16.50 Hásetar
17.15 Ólympiukvöld ÓL 1992
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargadýr
18.28 Fjölskyldukagginn
18.50 Sumarlandabrot 2020
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Tónaflóð um landið Akureyri. Sumartónleikar RÚV og Rásar 2 í beinni útsendingu frá öllum landslutum á föstudögum í júlí þar sem áhersla verður lögð á þekktu íslenska tónlist.
21.10 Dýrin mín stór og smá - All Creatures Great and Small
22.15 Barnaby ræður gátuna - Midsomer Murders
23.45 Luther
00.35 Dagskrárlök

Stöð 2 Golf

- 05.30 The Open Championship** Bein útsending frá Opna breska meistaramótinu.
10.00 The Open Championship Bein útsending frá Opna breska meistaramótinu.
13.00 The Open Championship Bein útsending frá Opna breska meistaramótinu.
16.00 The Open Championship Bein útsending frá Opna breska meistaramótinu.
19.00 PGA Tour Bein útsending frá Dow Great Lakes Bay Invitational.
22.05 2021 Legends Tour- highlights
22.50 The Amateur Championship Highlights
23.35 PGA Special. One Shot Away

Sjónvarp Símans

- 06.00 Síminn + Spotify**
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Life in Pieces
15.30 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Hver drap Friðrik Dór?
20.40 The Bachelorette
22.10 Love Island
23.00 Love Island
23.50 Transformers. The Last Knight
02.20 The Expendables 2
04.00 Love Island
04.50 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar McMartin-málið.
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.03 Það sem skiptir máli Hæði
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegisfréttir Fyrri og seinni hluti.
13.00 Dánarfregnir
13.02 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Málið er Frá Afganistan til Íslands.
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Vinill vikunnar
17.00 Fréttir
17.03 Djassþáttur
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Þjóðsagnabættir í samantekt Þorsteins frá Hamri Skrímslið góða.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur Lög Lennons og McCartney á íslensku og ensku.
19.40 Lofthelgin
20.35 Er ofbeldi myndið? (3 af 5)
21.15 Íslendingasögur Guðmundur Ingi Þorvaldsson.
21.40 Kvöldsgagan. Sögukafli af sjálfum mér (14 af 23)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

Stöð 2 Bíó

- 11.55 Hérinn og skjaldabakan**
13.05 Charlie and the Chocolate Factory
15.00 Love to the Rescue
16.25 Hérinn og skjaldabakan
17.40 Charlie and the Chocolate Factory
19.30 Love to the Rescue
21.00 The Last Black Man in San Francisco
22.55 The Sisters Brothers
00.55 Anna
02.50 The Last Black Man in San Francisco

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The Good Doctor
10.05 Shark Tank
10.50 Framkoma
11.15 Hvar er best að búa?
11.55 Golfarinn
12.35 Nágrannar
12.55 First Dates Hotel
13.40 Múslimarnir okkar
14.55 Eldhúsið hans Eypórs
15.20 Jamie's Quick and Easy Food
15.50 Grand Designs. Australia
16.40 Grand Designs. Australia
17.35 The Goldbergs Gamanþáttaröð sem gerist á niunda áratug síðustu aldar og fjallar um fjöruka fjölskyldu sem er ekki alveg eins og fólk er flest.
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakinn
18.50 Bara grin Sprenglægi- legur og stórskemmtilegur gamanþáttur þar sem Björn Bragi Arnarsson rifjar upp bestu gamanþættina úr sögu Stöðvar 2 með myndbrotum og viðtölum við þau sem komu að gerð þáttana.
19.15 The Greatest Dancer
20.40 Countdown
22.10 Shazam!
00.15 Running With the Devil
01.45 The Mentalist
02.25 The Good Doctor
03.10 Shark Tank
03.50 First Dates Hotel Fred og félagar hafa tekið yfir lúxus hótél í suðurhluta Frakklands. Núna endast stefnumótin í tvo daga.

Stöð 2 Sport

- 08.10 Pepsi Max mörkin**
09.10 Stjarnan - KA/Þór Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
10.25 Þór Ak. - Þór Þ. Útsending frá leik í Domino's deild karla.
11.55 KR - Stjarnan
13.25 Njarðvík - ÍR
14.50 FH - Sligo Rovers
16.30 Þór/KA - ÍBV Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
18.15 Valur - Dinamo Zagreb
20.00 Breiðablik - Valur Bein útsending frá leik í Mjólkurbikar kvenna.
22.05 Stjarnan - Valur Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
23.45 HK - Vikingur R. Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla 2021.

Stöð 2 Sport 2

- 08.20 Finnland - Rússland**
10.05 Tyrkland - Wales
11.45 Ítalía - Sviss
13.25 EM 1976 Heimildapáttur um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu árið 1976 er mótið fór fram í Júgóslavíu.
14.15 Blackburn - Preston North End
16.05 Atlético Madrid - Bayern München
18.05 Tottenham - Wolfsburg
19.45 Milwaukee Bucks - Phoenix Suns
21.35 Valur - Glasgow City
23.55 EM 1980 Heimildapáttur um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu árið 1980 er mótið fór fram í Ítalíu.



STERKARA TEIKNIFORRIT Hvað er planið?

Hannaðu þinn eigin garð
á www.steypustodin.is
Sími: 4 400 400



STEYPUSTÖÐIN

STERKARI LAUSNIR

Föruneyti Dýrsins fagnar velgengni í Cannes

Valdimar Jóhannsson og föruneyti Dýrsins hafa gert stormandi lukku í Cannes, þar sem frumraun hans uppskar standandi lófatak að lokinni heimsfrumsýningu. Fréttablaðið heyrði í leikstjóranum sem er í „rosalegri stemningu“ í blíðunni við Miðjarðarhafsströnd Frakklands.

thorarinn@frettabladid.is

Leikstjórinn Valdimar Jóhannsson uppskar standandi lófatak að lokinni heimsfrumsýningu kvikmyndarinnar Dýrsins á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Cannes á þriðjudaginn.

„Við erum bara mjög hamingjusöm og finnst þetta vera mjög mikill heiður að hafa verið boðið hingað. Sérstaklega af því að í ár voru svo margar myndir, þannig að þetta var óvenju hörð keppni í ár,“ sagði Valdimar þegar Fréttablaðið náði tali af honum í Cannes, þar sem Dýrið keppir til verðlauna í nýliða-flokknum Un certain regard.

„Við erum ótrúlega þakklát fyrir hvað það komu margir til að vera með okkur á frumsýningunni. Ég held að þetta séu um tuttugu manns,“ heldur Valdimar áfram, en drjúgur hluti tökuliðsins fylgdi Dýrinu á hátíðina.

„Andinn í hópnum er mjög góður og þetta er rosaleg stemning. Það eru allir líka svo hamingjusamir að komast í sólina og geta farið í sjóinn. Þetta er yndisleg staður,“ segir Valdimar um Cannes, þennan smábæ við Miðjarðarhafsströnd Frakklands sem þekktastur er fyrir þessa mikilvægustu kvikmynda-hátíð heims.

Sköpunarsaga Dýrsins


„Hugmyndin kviknaði alveg fyrir mörgum árum,“ segir Valdimar, um langa sköpunarsögu Dýrsins sem hófst með skissubók þar sem hann lék sér með mjög óljósa sögu og stemningu sem hann sá fyrir sér að gæti orðið að kvikmynd. „Ég var bara að safna saman alls konar myndum og teikna alls konar teikningar sem mynduðu einhvern veginn mjög óljósa sögu.“

Síðan kynntu framleiðendurnir, Hrönn og Sara, mig fyrir Sjón og við fengum okkur kaffi,“ segir Valdimar um eiginkonu sína, Hrönn Kristinsdóttur, og stjúp dótturina, Söru Massim, sem deila sviðsljósinu með honum á hátíðinni sem framleiðendur Dýrsins.

„Og ég sýndi honum þessa bók og



Um tuttugu manns fylgja Dýrinu í Cannes og hér stilla Hilmi Snær Guðnason, Noomi Rapace og Björn Hlynur Haraldsson sér upp fyrir ljósmyndara heimspressunnar, ásamt Valdimari leikstjóra Jóhannssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Noomi Rapace varð alþjóðleg stórstjarna eftir sænska Millenium-príleikinn og Valdimar var eðlilega dálítið feiminn á þeirra fyrsta fundi sem markaði upphafið að góðu samstarfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

urna Maríu, sem sænska stórstjarnan Noomi Rapace leikur, og Ingvar, sem Hilmi Snær Guðnason leikur. Þau búa í fögrum en afskekktum dal og þegar dularfull vera kemur þar í heiminn ákveða þau að halda henni og ala upp sem sitt eigið afkvæmi. Vonin um nýja fjölskyldu færir þeim mikla hamingju um stund, en þessi ákvörðun þeirra á eftir að hafa afdrifaríkar og skelfilegar afleiðingar.

Feiminn á fund Noomi

„Þegar Noomi var búin að lesa handritið vildi hún fá að hitta okkur og ég fór til London í heimsókn og ég viðurkenni það alveg að ég var frekar feiminn þegar við hittumst fyrst. Þetta var síðan bara allt mjög fint,“ segir Valdimar og bætir aðspurður við að hann og hans fólk hafi snemma í ferlinu séð Noomi fyrir sér sem Maríu.

„Já, við gerðum það en við vissum alveg að það væri ekkert sjálfgefið, af því að þetta væri náttúrlega lítil mynd á Íslandi og svo bara líka hvort hún hefði tíma og áhuga. En hún ákvað að gera þetta og við erum ótrúlega þakklát fyrir það að hún skyldi ákveða að vera með okkur í þessari mynd.“

Bæði vegna þess að það er svo frábært að vinna með henni og hún kom líka einhvern veginn með svo mikið inn í myndina. Það er bara

honum leist mjög vel á þetta, þannig að eftir það fórum við bara að hittast einu sinni eða tvisvar í hverri viku í nokkur ár.“

Valdimar segir að út úr þessum fundum hans og skáldsins hafi að lokum komið svokallað „treatment“, eða drög að kvikmynd, sem þeir hafi unnið með þangað til framleiðendurnir voru orðnir hamingjusamir, eins og hann orðar það.

„Þá tók Sjón við og skrifaði handritið og þetta var mjög þægilegt ferli vegna þess að við vorum ekkert að flýta okkur og langaði bara öll til að gera bíómynd sem okkur sjálf langaði mikið til að sjá.“

Hryllilega mannleg saga

Og niðurstaðan var Dýrið, eða

Lamb, og umsagnir fjölmiðla sem fylgjast með hátíðinni benda eindregið til þess að hópnum hafi tekist að gera kvikmynd sem miklu fleiri en þau ein vilji sjá.

Þannig hefur Dýrinu til dæmis verið lýst sem fantasíuhryllingi, sem sé þó miklu meira en bara hrollur þar sem hún laði um leið fram mannlegar tilfinningar og hlýju.

Þá er myndinni spáð mikilli lýðhylli í krafti frumlegrar sögunnar og hæfileika bæði leikstjórans og leikaranna. „Já, við erum búin að hitta mjög margt fólk og fólk hefur komið til okkar og lýst ánægju sinni og það gleður okkur mjög,“ segir Valdimar um viðbrögðin sem hann hefur fengið á hátíðinni.

Dýrið fjallar um sauðfjábænd-



Það er bara alger heiður að fá að vinna með bæði Noomi og Hilmi Snæ að sinni fyrstu mynd.

alger heiður að fá að vinna með bæði Noomi og Hilmi Snæ að sinni fyrstu mynd,“ segir Valdimar.

Óskarin í fjarska

Kvikmyndabransabibliurnar, Variety og The Hollywood Reporter, eru meðal þeirra sem hafa farið mjög fögrum orðum um Dýrið og það síðarnefnda telur myndina upp með þeim myndum á Cannes sem megi teljast líklegar til þess að blanda sér í kapphlaupið um Óskarsverðlaunin.

Valdimar segist þó ekkert vera farið að velta þeim möguleika fyrir sér. „Nei, ég er ekkert byrjaður að hugsa svo langt, en mér finnst bara gæðveikt gaman að hún skuli vera nefnd meðal þessara mynda. Mér finnst það bara ótrúlegt.“

Valdimar gerir ráð fyrir því að einhver ferðalög séu fram undan með Dýrið, auk þess sem hann er þegar byrjaður að huga að næsta verkefni. „Við erum allavega búin að fá boð á mjög margar hátíðir núna, þannig að það verða vonandi einhver ferðalög. Maður þarf að njóta þess aðeins að vera boðinn eitthvert og komast í ferðalög,“ segir Valdimar.

Stress á heimavelli

Síðan þarf að sjálfögðu að sýna myndina á Íslandi en frumsýning er áætluð í byrjun september. „Það er eiginlega það sem maður er einhvern veginn stressaðastur fyrir, að sýna fólkinu sínu þessa mynd. Og kannski eiginlega líka bara Íslendingum, vegna þess að maður veit ekki alveg hvernig þeir eiga eftir að taka þessu.“

Sé tekið mið af þeim móttökuum sem Dýrið hefur fengið í Cannes er þó varla miklu að kvíða og Valdimar og Sjón eru þegar byrjaðir að huga að frekara samstarfi.

„Við Sjón erum aðeins byrjaðir en við erum komnir það stutt að maður getur ekkert talað um það og veit ekkert hvað það fer langt en við erum allavega byrjaðir,“ segir Valdimar um áform þeirra Sjóns um að halda gjöfulu samstarfi sínu áfram. ■

KITLAÐU
BRAGÐLAUKANA



AÐEINS

3.990 kr./mán



stod2.is



STÆRRI PIZZUR



LÆGRA VERÐ



SPADINN

Fjarðargata 11

Dalvegur 32b

spadinn.is



Mjólkurbikarinn

MJÓLKURBIKAR KVENNA UNDANÚRSLIT



BREIÐABLIK - VALUR
Í KVÖLD 20:00

ÞRÓTTUR - FH
Í DAG 17:50



SPORT

Tryggðu þér áskrift á stod2.is

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjust fréttirnar úr heimi íþróttanna.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Erpur og Rottweilerhundarnir eru engir byrjendur á Þjóðhátíð en hann telur mjög mikilvægt að þeir mæti í ár og bindi enda á kreppuna sem hefur verið í lífandi tónlist.

MYND/ SIGURJÓN RAGNAR

Erpur fer til Eyja og lýsir kreppu gítargutlsins liðna

XXX Rottweilerhundar munu líklega láta skína í kunnuglegar tennur á sviðinu í Herjólfsdal á því sem Blaz Roca spáir að verði svakalegasta Þjóðhátíð frá upphafi. Hundarnir hafa bæst við hóp þeirra sem munu skemmta í Dalnum auk JóaPé & Króla, Klöru Elías, Háska, Guðrúnu Árnýju, Pálma Gunnars og Hipsumhafs, svo nokkur séu nefnd.

thorarin@frettabladid.is

„Þetta er rosadæmi. Við erum náttúrulega að klára þetta stóra dæmi með þessum bólusetningum og svona að sjá allt verða aðeins eðlilegra og það er sko rosalega víðeigandi að halda svona upp á þetta. Vera bara með alveg brjálaða Þjóðhátíð. Sko, ÞJÓÐ-hátíð,“ segir rapphundurinn Blaz Roca, einnig þekktur sem Erpur Eyvindarson, með áherslu þunga á Þjóðina. „Ég held þetta verði svakalegasta Þjóðhátíð bara frá upphafi. Þetta verður eitthvað rosalegt. Ekki spurning.“

Mikilvæg endurkoma

Erpur slær hvergi af þegar hann útskýrir mikilvægi Rottweilerhundanna fyrir þessa fyrstu Þjóðhátíð eftir Covid. „Það er ekki búið að vera rassgat að fréttu og fólk bara búið að vera að horfa á svona sjónvarpsskemmtikrafta.

Það er búið að vera sjónvarpsöngl af ýmsu tagi. Svona sitjandi gítargutl og það er rosalega mikilvægt að við komum þarna á einmitt þessa hátíð og biðjum bara að heilsa þessu krepputímabili lífandi tónlistar með alvöru dæmi,“ segir Erpur og bætir við að XXX Rottweiler séu bestir milliliðalaust.

„Þess vegna er svo gott að við séum framarlega á fyrstu Þjóðhátíð eftir að fólk getur leyft sér að njóta annars en sjónvarpssöngs.“

Milljón manns að djöflast

Þegar Erpur er spurður hvort Þjóðhátíðarstemningin höfði eitthvað til óheflaðs rappara úr Kópavogi stendur heldur ekki á svörum. „Sko,



Eyjar eru í upphaldi hjá Króla og Jóa.



Klara ætlar ekki að missa af hápunkti sumarsins.



Guðrún Árný hitar upp fyrir Brekkusönginn.



Pálmi er spenntur.

þefinn af okkur áður en við komum að landi. Við erum svo Þjóðlegir, Rottweiler. Ef við værum á tímum spænsku veikinnar og horfðum til klerka og sýslumanna þá elska þeir okkur. Þeir bara kýla sig í punginn og biðja Maríu-bænrir og víðurkenna það bara.“

mér finnst allt við milljón manns að djöflast, bara glussandi í sig alveg dag eftir dag og alveg bara einbeita sér að því, alveg rosalega hressandi. Það er bara klassískt hvar sem er í heiminum.

Svo náttúrulega eru Eyjamenn mjög skemmtilegt lið. Mjög sérstakur ættbálkur og mér finnst alltaf mjög gaman að vera í Eyjum. Þú veist, með Eyjaliðinu. Síðan verða náttúrulega svona þrjátíu þúsund Grafarvogsbúar í gúmmibúningum þarna. Veltandi um bara. Þeir náttúrulega eru sprækir. Það er gott að hafa þá í gúmmiinu. Sko, svo þeir slasi sig ekki.“

Hundarnir koma

Erpur og Rottweilerhundarnir eru engir byrjendur þegar Þjóðhátíð er annars vegar en Erpi reiknast til að fjögur ár séu síðan hann skemmti þar síðast. „Þetta er ekki fyrsta grillveislan, hjá hvorki Blaz Roca né XXX Rottweilerhundum, á Þjóðhátíð í Herjólfsdal.

Þetta kannast allt við okkur, sko. Lífandi og dautt mun alveg finna

Alltaf gaman

Erpur og félagar eru síður en svo eina viðbótin við þá sem þegar hefur verið tilkynnt að verði á Þjóðhátíð þar sem Sprite Zero Klan, Háski og Hipsumhafs bætast í hópinn.

Þá er sunnudagskvöldvakan, þar sem Halldór Gunnar Fjalla-bróðir verður kórstjóri, ekki síður vel skipuð þeim Röggú Gísla, Klöru Elías, Pálma Gunnarssyni, Guðrúnu Árnýju, Sverri Bergmann og Jóhönnu Guðrúnu.

„Að syngja með Brekkunni er ólýsanleg upplifun sem ég hlakka til að endurtaka á næstu Þjóðhátíð,“ segir Pálmi og Guðrún Árný slær svipadán tón: „Þvílíkur heidur að fá að syngja með Albatross á kvöldvökunni. Það hefði verið frábært að fá Brekkusönginn, en ég fæ að hita upp fyrir hann með frábærum listamönnum.“

„Þetta er upphaldseyjan okkar og eitt skemmtilegasta gígg ársins,“ segja Króla og JóaPé, sem kemst að kjarna málsins: „Alltaf gaman að spila í Dalnum.“ ■



Nýjungin!



Núna er góður tími til að grilla

Þéttari og mýkri hamborgarabrauð!

Auðvitað er ekkert betra en „íslenskt grill“ – nýtt íslenskt brauð og nýtt íslenskt kjöt. Tendraðu grillið. Gerðu hamborgarann meira djúsi. Prófaðu nýja hamborgarakartöflubrauðið frá Myllunni strax í dag.

Gleymdu ekki að taka nýja pylsukartöflubrauðið fyrir grillpýlsumar.



Alltaf nýbakað
síðan 1959

550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.isAUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.isPRENTUN
Torg ehf.DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Svanborgar
Sigmarsdóttir

Ó, ljúgðu meira

Vigtin mín tilkynnti mér um daginn með stolti að ég væri nú 10 kg léttari en vanalega. Þetta kom mér þínu á óvart, þar sem tölurnar á skjánum hafa ekki sést frá því að ég var unglíngur. Ég minnst þess ekki heldur að hafa gert eitthvað sérstakt, svo sem að borða minna eða hreyfa mig meira. Það er yfirleitt ekki forgangsatríði í sumarfríum.

Alls konar rannsóknir hafa sýnt að við erum tilbúnari til að trúá ósannindum og mistúlkunum, ef við teljum þær staðfesta það sem við trúum nú þegar. Sérstaklega ef það er einhver örli til sannleikur fléttadur í lygarnar. Þá er hægt að grípa sannleikann báðum höndum og láta hann stýra okkur um lendur hins ósanna og skáldaða í þeirri trú að við séum enn í landi þess sanna.

Þetta er grunnur nánast allra samsæriskenninga og ástæðan fyrir að fólk festist í net þeirra. Hvort sem samsæriskenningin snýst um bólusetningar eða heimsyfirráð Bilderberg-ættarinnar. Þetta skýrir líka að hluta af hverju við erum tilbúnari til að trúá stjórn mála-fólki sem við flokkum sem fulltrúa okkar heimsmyndar en stjórn-mála-fólki sem við flokkum sem andstæðinga, sama hvað sagt er.

Við viljum að heimsmynd okkar sé sönn og leitum að staðfestingu á því. Það stýrist svo af því hversu þjálfuð við erum í gagnrýnni hugsun og hversu auðveldlega við sjáum mynstur í óreglunni hversu langt við sökkuvum ofan í kanínu-holuna.

Ég leyfði mér að fagna skilaboð-um vigtarinnar. Enda er umhverfi mitt í sífellu að senda mér skilaboð um að það sé gott að léttast, óháð öllu öðru. Þó að ég viti innst inni að hin raunverulegu skilaboð væru að vigtin væri biluð. ■

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN
Í MEST LESNA
ATVINNUBLAÐI
LANDSINS!***


*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625


Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SUMARÚTSALA BETRA BAKS ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

ER Í GANGI – EKKI MISSA AF ÞESSU!

STILLANLEG RÚM | HEILSURÚM OG -DÝNUR | GAFLAR | SÆNGUR | KODDAR | SVEFNSÓFAR | STÓLAR | SÆNGURFÖT, O.FL.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566AFGREIDSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is**Betra
BAK**